


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
1. febrúar 2012
27. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Rannsakar bókstafinn ð**
*Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson flytur fyrirlestur um tungumálasnillinginn Rasmus Kristján Rask.*
**tímamót** 18

**Saumavélar á yfirsnúningi**
*Ellefu hönnuðir sýna á Reykjavík Fashion Festival.*
**fólk** 34



**Brautryðjandi**
*Vilhjálmur Einarsson var fyrstur tekinn inn í nýja Heiðurshöll ÍSÍ.*
**sport** 30

**veðrið í dag**




**HVASSAST A-TIL** Í dag verður úrkoma A-til en slydda eða él V-til. Strekkingur A-til fram eftir degi en lægir og kólnar fram á kvöldið.

VEÐUR 4



**SPRENGJA Í MIÐBORGINNI** Lögregla leitaði í gærkvöldi manns eða manna sem bera ábyrgð á sprengju sem sprakk við húsakynni nokkurra opinberra stofnana á Hverfisgötu í gærmorgun. Sprengjan var ekki kraftmikil en haganlega útbúin og ljóst að þar var alvara á ferð, að sögn lögreglustjóra. Gríðarlegur viðbúnaður var á vettvangi og meðal annars notast við vélmenni áður en lögreglumaður íklæddur miklum hlífðarbúnaði gekk úr skugga um að hætta stafaði ekki lengur af sprengjunni. **Sjá síðu 10** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 18 króna hækkun á árinu

**Eftir bensínhækkun síðustu daga komast ökumenn um fimmtung af þeirri vegalengd sem þeir komust fyrir tankfylli árið 1990. Verðhækkanir erlendis og aukin gjaldtaka um áramót liggja að baki hækkuninni.**

**SAMGÖNGUR** Frá áramótum hefur verð á bensíni hækkað um sem nemur 18 krónum. Hækkun undanfarinna tveggja daga er nálægt fjórum krónum. N1 reið á vaðið í fyrradag með hækkun úr 242,7 krónum á lítrann í 246,7 krónur. Í gær fylgdu svo hækkanir á öllum öðrum bensínstöðvum.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, telur að hækkanirnar nú ráðist að nokkru af hækkun heimsmarkaðsverðs. „Fyrir helgi hækkaði bensín út af alls konar spákaupmennsku,“ segir hann, en óvissa um þróun mála hvað varðar eldsneytiskaup Evrópusambandslanda á olíu frá Íran hefur aukið óróleika á markaði sem leitt hefur til hækkana.

Hækkanir á opinberum gjöldum hér innanlands um áramót hefur að auki tekið að hafa áhrif hjá olíufélögum. „Þær hafa komið til framkvæmda með nýjum birgðum,“ segir Runólfur. Síðustu hækkanir hafi verið um þremur krónum minni í Danmörku, þrátt fyrir svipaða gengisþróun gagnvart dollar og að teknu tilliti til skattahækkana hér. „Það virðist vera í þessu tilhneiging til að auka aðeins við álagningu.“

Eldsneytisverð hefur hækkað hratt frá hruni krónunnar 2008. Runólfur bendir á að þegar krónan hrundi hafi komið neytendum hér til góða að olíuverð á erlendum mörkuðum hafi lækkað vegna samdráttar í efnahagslífi heimsins.

Til þess að setja verðbreytingar síðustu ára í samhengi má líta til þess að árið 1990 kostaði tæpar 2.700 krónur að fylla 50 lítra bensíntank. Á tankinum komst bíll sem eyðir 10 lítrum á hundraðið frá Reykjavík austur að Hvalnesvita (rúma 40 kílómetra austur fyrir Höfn í Hornafirði). Núna fást tæpir 11 lítrar af bensíni fyrir sömu upphæð og skila ökumanninum austur á Hvolsvöll.

Bensínverð hefur sem sagt hækkað um 367 prósent en þó ber að hafa í huga að almennt verðlag hefur hækkað um 178 prósent frá 1990. - óká

**Hvað kostar að fylla tankinn?**









Bardagaíþróttir sækja í sig veðrið á Íslandi og klúbbarnir fagna auknum áhuga:

# Miklu fleiri stelpur læra að slást

**LÍFSSTÍLL** Áhugi kvenfólks á bardagaíþróttum hefur stóraukist undanfarin misseri. Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaklúbbsins Mjölnis, segir stúlkum í klúbbnum hafa fjölgað mikið og Sigursteinn Snorrason hjá Combat Gym tekur í sama streng.

„Við erum rosalega ánægðir með þessa aukningu,“ segir Jón Viðar. „Við byrjuðum með stelputíma í vetur og þannig náðum við að halda enn þá betur í þær.“

En hvað veldur þessum aukna áhuga?

„Það er erfitt að segja, þær eru bara að uppgötva hvað þetta er skemmtilegt. Þetta er fyrir alla, ekki bara stráka – það heldur líka betur í strákana að hafa stelpurnar,“ segir Jón Viðar í léttum dúr.

Sigursteinn hjá Combat Gym er sammála. „Stelpurnar sækja í aðeins öðruvísi greinar en strákarnir,“ segir hann og bætir við að það sé algengt að þær komi í hópum, ólíkt strákunum sem koma oftast einir eða með einn félaga með sér. „Stelpurnar eru að fatta að þetta snýst bara ekki um að setja á sig hanska og lemja hverja aðra.“ - afb / sjá síðu 26



**TEKIST Á** Á sérstakri stelpuæfingu í Mjölni í gærkvöldi var harkalega tekist á. Áhugi stelpna á bardagaíþróttum eykst stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## SPURNING DAGSINS



*Svandís, þurfa þingmenn ekki að hugsa út fyrir rammann?*

Jú, og virkja í sér náttúruna.

Illa gengur að ná saman um þingsályktunartillögu um Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, en Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra var meðal þeirra sem kynntu áætlunina síðasta haust.

Önnur sveitarfélög við Skerjafjörð, utan Reykjavíkur, vinna að friðlýsingu:

# Kópavogur friðlýsir hluta Skerjafjarðar

**NÁTTÚRUVERND** Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, hefur staðfest friðlýsingu Kópavogsbæjar á þeim hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka sveitarfélagsins.

Þá hafa fulltrúar Kópavogsbæjar, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Umhverfisstofnunar gert með sér samning um umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis sem nær til fjara og grunnsævis fjarðarins.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi. Jafnframt er stefnt að því að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins.

Öll önnur sveitarfélög við Skerjafjörð, utan Reykjavíkur, vinna nú að friðlýsingu fjarðarins. Garðabær reið á vaðið og friðlýsti þann hluta fjarðarins sem er innan bæjarmarka Garðabæjar í október 2009. Þá hafa fulltrúar Álftaness undirritað viljayfirlýsingu um friðlýsingu svæðisins.

Hjá Reykjavíkurborg er vilji til þess að tengja vinnuna við endurskoðun á aðalskipulagi sem kynna á í sumar. Þá spila vangaveltur um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar inn í ákvörðunina sem og hugmyndir um vegtengingu yfir fjörðinn. **- mþl**



**KÓPAVOGI Í GÆR** Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Barnaverndarmál í Melaskóla:

# Drengur otaði hníf í skólanum

**LÖGREGLUMÁL** Ellefu ára drengur í Melaskóla ógnaði börnum á skólalóðinni með stórum hníf í gær og hótaði þeim lífláti. Að sögn lögreglu forðuðu börnin sér þegar drengurinn veittist að þeim, en atvikið átti sér stað þegar 5., 6. og 7. bekkur Melaskóla voru úti í frímínútum.

Engan sakaði og að sögn lögreglu gerðist þess ekki þörf að afvopna drenginn. Lögregla var kölluð til og er málið nú komið inn á borð barnaverndaryfirvalda. **- sv**

Velferðarráð Reykjavíkur:

# Fórst fyrir að spyrja aldraða

**REYKJAVÍKURBORG** Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar í velferðarráði hefur beðist afsökunar á því að of seint var leitað álits hagsmunaðila á borð við eldri borgara og aðstandendur Alzheimersjúklinga á breytingum á gjaldskrám velferðarsviðs.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**

„Velferðarráð allt samþykkti bókun þann 27. október 2011 þar sem tekið var undir tillögu fulltrúa Vinstri grænna um að leitað skyldi umsagna hagsmunasamtaka vegna gjaldskrárhækkana áður en gjaldskrár yrðu afgreiddar í borgarstjórn. Það var ekki gert fyrr en eftir að borgarstjórn samþykkti gjaldskrár á fundi sínum 15. nóvember. Það voru mistök,“ segir meirihlutinn og biðst afsökunar. **- gar**

# Drýgir tekjurnar á spúandi Drottningu

**Eggert Sigurður Kristjánsson og faðir hans, Kristján Guðmundsson, tóku í gegn gamla ógangfæra gröfu og breyttu henni í snjómokstursvél til að drýgja tekjurnar. Vélin var nefnd Drottningin í höfuðið á Margréti Þórhildi Danadrottningu.**

**FÓLK** „Grafan var til hérna í nágrenninu en var ógangfær og allt fast í henni. Við fengum hana fyrir slikk en það fór mikill peningur og vinna í að taka hana í gegn,“ segir Eggert Sigurður Kristjánsson, 27 ára Hólmvíkingur, sem tók upp á því ásamt pabba sínum, að taka í gegn gamla gröfu og búa til snjómokstursvél.



**EGGERT SIGURÐUR KRISTJÁNSSON**

Vélin, sem er af gerðinni Fiat Allis, er frá upphafi áttunda áratugar síðustu aldar og komst aftur á götuna í desember síðastliðnum.

„Við nefndum hana Drottninguna. Sumir vildu að hún fengi nafnið Kyoto því hún reykti svo mikið, en ég benti þeim á að það geri Margrét Danadrottning líka. Nafnið var því samþykkt.“

Eggert segir ekki nægilega mikið að gera í mokstrinum svo hafa megi af því lifibrauð. Það sé dagamunur á því hversu mikið sé að gera. Þeir feðgar eru sjálfstætt starfandi verktakar með alls kyns vélar, og hafa meðal annars unnið fyrir Hólmavíkurhrepp auk þess að sinna verkefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Í frítíma sínum hefur Eggert meðal annars unnið á sumarbústaðajörðum þar sem hann lagar til landslagið með traktorsgröfu. Auk þess þykir honum gaman að gera við snjósleða og hefur verið duglegur í því, enda snjósleðasportið í miklu uppáhaldi. Eggert er félagi í snjósleðaklúbbnum Strandatröllin, en hann segist vera algjörlega sleðasjúkur og nota öll tækifæri til að fara á snjósleða.

Faðir Eggerts, Kristján Guðmundsson, hefur lengi verið í vélabransanum og á fyrirtækið Strandfrakt ehf., auk þess sem hann vinnur hjá flutningafyrirtæki. Eggert hefur því verið alinn upp í vélabransanum og hefur mikinn áhuga á flestu sem tengist vélum. Hann er nýfluttur aftur heim frá Noregi þar sem hann vann á jarðýtu og gröfu. „Það mætti eiginlega segja að ég væri vélkynhneigður,“ segir Eggert. **tinnaros@frettabladid.is**



**SÓMIR SÉR VEL** Eggert segir ekki nægilega mikið að gera til að hann hafi lifibrauð af snjómokstrinum, en hann hafi gaman af honum.





**FYRIR OG EFTIR** Ekki leit hún nú vel út blessuð grafan þegar hafist var handa við að gefa henni nýtt líf.

# Lára Margrét Ragnarsdóttir látin

**Lára Margrét Ragnarsdóttir, hagfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, er látin 64 ára að aldri. Hún varð bráðkvödd á heimili sínu á sunnudag. Lára skilur eftir sig þrjú uppkomin börn.**



**Lára lauk stúdentsprófi frá MR árið 1967 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1977. Þá stundaði hún framhaldsnám í heilsuhagfræði og stjórnun við Háskólann og Verslunarháskólann í Björgvin á árunum 1979 til 1981. Lára var kjörin á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í alþingiskosningunum árið 1991 og sat á þingi til ársins 2003.**

Fjórtán skilti horfin:

# Umferðarskiltum stolið úr göngum

**LÖGREGLUMÁL Tólf umferðarmerkjum hefur verið stolið úr hinum nýju Bolungarvíkurgöngum, en ekki er vitað hvenær þjófnaðurinn átti sér stað. Þá hefur tveimur merkjum til viðbótar verið stolið af þjóðveginum í Ísafjarðardjúpi. Þetta kemur fram á bb.is.**

**Merkin eru 840 þúsund króna virði. Umferðarmerkin úr göngunum voru öll upplýsingamerki á bláum grunni með hvítum stöfum. Skiltin við þjóðveginn voru merkt „Önnur hætta“ og „Impossible“. Lögreglan á Ísafirði biður þá sem hafa upplýsingar um málið að hafa samband í síma 450 3731.** **- þeb**

Vöruskiptajöfnuður 2011:

# Aukning á inn- og útflutningi

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuður við útlönd var jákvæður á síðasta ári um sem nam 104,5 milljörðum króna, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu.

Vöruskiptajöfnuðurinn var 15,4 milljörðum lakari en árið áður.

Árið 2011 voru vörur fluttar út fyrir 626,4 milljarða, en innflutningur nam 521,9 milljörðum.

Útflutningur jókst um tæp tólf prósent milli ára og innflutningur jókst um tæp fimmtán prósent.

Iðnaðarvörur, meðal annars ál, námu um 54 prósentum útflutnings og sjávarafurðir um 40 prósentum, en verðmæti sjávarafurða jókst um 14,4 prósent milli ára. **- þj**






Kuldar í austanverðri Evrópu bitna illa á heimilislausu fólki:

# Tugir hafa látist í vetrarhörkum

**ÚKRAÍNA, AP** Hátt í sextíu manns höfðu í gær látist af völdum mikilla kulda í austanverðri Evrópu síðustu daga.

Í Úkraínu höfðu þrjátíu manns látist, flest útigangsfólk. Þar í landi hafði 21 fundist látinn úti á götu, fimm létust á sjúkrahúsum og fjórir á heimili sínu.

Meira en fimm hundruð manns hafa verið fluttir á sjúkrahús í Úkraínu vegna ofkólnunar eða kals.

Í Póllandi höfðu fimm manns dáið vegna kuldans síðasta sólarhringinn og var þá fjöldi látinna kominn upp í fimmtán þar í landi.

Í Rúmeníu mátti rekja tvö dauðsföll til vetrarríkisins og að minnsta kosti einn hefur látist í Rússlandi vegna kuldanna.

Frostið fór niður í 27 gráður í suðaustanverðu Póllandi í gær og var því spáð að frostið þar færi niður í 29 gráður í nótt. Í Úkraínu var spáð 28 gráðu frosti.

Mikil snjókoma hefur víða fylgt kuldunum. Yfirvöld hafa opnað neyðarskýli fyrir heimilislaust fólk og boðið fólki upp á heita súpu. Fólk er varað við að vera utandyra og hundruð hafa leitað sér hjálpar vegna kals. **- gb, bj**



**KULDALEGT Í SOFÍU** Í höfuðborg Búlgaríu setja vetrarhörkurnar svip sinn á mannlífið. NORDICPHOTOS/AFP

## GULLTILBOÐ 1

# HELSINKI

FRÁBÆR HELGARFERÐ Á 3 STJÖRNU HÓTELI MEÐ MORGUNVERÐI

Höfuðborg Finnlands hefur upp á svo ótalmargt fleira að bjóða en gott gufubað. Helsinki iðar af lífi, veitingahúsin eru fyrsta flokks, arkitektúrinn skemmtilegur og menningarlífið einstakt – með nútímalega hönnun í fyrirúmi.

**3 nætur, 9.–12. mars**

FULLT VERÐ 67.900 KR.

**44.900 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x23



**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á Hotel Helka ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

## GULLTILBOÐ 2

# DUBLIN

SKEMMTILEG PÁSKAFERÐ

Það er aðeins tveggja tíma flug til Dublin sem býður upp á litríkt mannlíf og menningu. Þar er gaman að versla og njóta lífsins með öllu því besta í mat og drykk! Skelltu þér í skemmtilega borgarferð á frábæru verði um páskana!

**4 nætur, 5.–9. apríl**

FULLT VERÐ 99.948 KR.

**64.948 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x35



4 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á O'Callaghan Alexander Hotel með morgunverði og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita FERÐASKRIFSTOFA

# GÓÐ HLAUPÁRSTILBOÐ FYRIR N1 KORTHAFA

## SILFURTILBOÐ 1

### SKÍÐAFESTINGAR

**Tvær gerðir**

**McKINLEY**

- Fyrir 3–4 pör af skíðum eða 2 snjóbretti
- Með læsingu

FULLT VERÐ 19.900 KR.

**14.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**EVEREST**

- Fyrir 5–6 pör af skíðum eða 2 snjóbretti
- Með læsingu

FULLT VERÐ 21.900 KR.

**16.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x5



PUNKTAR GILDA x16

## SILFURTILBOÐ 2

### BARNABÍLSTÓLL

**Eclipse Billy / Olivia**

- Fyrir 9 mánaða til 4 ára, 9–18 kg
- Britax Eclipse barnabílstóllinn er með aukinni hliðarvörn
- 5 punkta belti sem hægt er að losa með einu handtaki
- 5 stillingar á barnabílstólnum

FULLT VERÐ 35.245 KR.

**19.245 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

## SILFURTILBOÐ 3

### MARGMIÐLUNAR-SPILARI

**Argosy 339T 2TB Full HD**

- Spilar beint yfir net með WiFi netkorti
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmyndaafspilun H.264
- Tekur upp í stafrænum gæðum
- Spilar tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Dual Digital DVB-T Tuner og upptaka
- Fjarstýring fylgir
- Tengi: HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari o.fl.
- USB-tengt þráðlaust netkort fylgir
- HDMI, USB og RCA snúrur fylgja með

FULLT VERÐ 47.900 KR.

**39.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR




PUNKTAR GILDA x8

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**

Vörur keyptar á silfurtilboði fást nú afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land

## N1TILBOÐ

**USB MINNISLYKILL 16GB**

FULLT VERÐ 7.990 KR.

**2.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x5



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**SJÚKRAPÚÐI**

FULLT VERÐ 3.900 KR.

**1.900 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## N1TILBOÐ

**KILJA**

**ÓRÓLEGI MAÐURINN EÐA BALDURSBRÁR**

FULLT VERÐ 2.690 KR. STK.

**690 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR




PUNKTAR GILDA x2




PUNKTAR GILDA x3

## N1TILBOÐ

**FRUBOB 12X500 ML**

FULLT VERÐ 4.490 KR.

**1.490 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## N1TILBOÐ

**CD**

**STEBBI OG EYFI EÐA SIGURÐUR GUÐMUNDSSON OG SIGRÍÐUR THORLACIUS**

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

## N1TILBOÐ

**DVD**

**HOPP EÐA HEADHUNTERS**

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR




**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í febrúar eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

## GENGIÐ 31.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,55 | 123,13 |
| Sterlingspund | 193,29 | 194,23 |
| Evra | 161,56 | 162,46 |
| Dönsk króna | 21,732 | 21,860 |
| Norsk króna | 1,070 | 21,194 |
| Sænsk króna | 18,167 | 18,273 |
| Japanskt jen | 1,6044 | 1,6138 |
| SDR | 190,01 | 191,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 222,041

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla Hagfræðistofnunar háskólans um stöðu svínaræktar við hugsanlega ESB-aðild:

# Fyrirsjáanlegt að afkoma búanna skerðist

**LANDBÚNAÐUR** Viðbúið er að afkoma íslenskra svínabænda verði lakari, komi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Svínaræktarfélag Íslands, um stöðu og horfur í svínarækt.

Skýrslan gerir ráð fyrir að afurðaverð til bænda gæti orðið um 39 prósentum lægra eftir aðild, að undanskildum styrkjum og mótvægisaðgerðum, og mikill samdráttur geti orðið á framleiðslu, vegna aukins innflutnings á svínaafurðum.

Á móti kemur að fjármagnskostnaður svínaframleiðenda gæti lækkað um 37,5 prósent til lengri tíma litið. Miðað við forsendur skýrslunnar er gert ráð fyrir að samdráttur á afkomu svínaframleiðenda geti numið á bilinu 600 til 1.000 milljónum króna og miðað við reynslu Finna gæti kostnaður ríkissjóðs af því verið á bilinu 400 til 750 milljónir árlega.

„Það er engin búgrein á Íslandi sem getur reiknað með að koma betur út, fjárhagslega eftir aðild,“ segir Daði Már Kristófersson, annar höfunda skýrslunnar, „en svínaræktin stendur ekki verst.“

Daði kveðst ekki telja að svínarækt myndi leggjast af undir slíkum aðstæðum en án stuðnings yrði staðan erfið.

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktunarfélagsins, segir að skýrslan sé gerð til að skýra stöðu greinarinnar og hvað þurfi til að hún geti þrifist við breyttar aðstæður.

„Það má segja að boltinn sé nú hjá stjórnvöldum til að vega og meta hvaða hlutverki þessi grein á að gegna hér á landi til lengri tíma.“ - þj



**SVÍNARÆKT** Skýrsla Hagfræðistofnunar gerir ráð fyrir að afurðaverð til svínabænda muni lækka og framleiðsla dragist saman, komi til ESB-aðildar.



**ELLIÐAÁR** Hátt í 40 prósent umsækjenda um veiðileyfi hjá SVFR völdu Elliðaárnar sem fyrsta kost.

Gríðarleg umframeftirspurn:

## Vilja fleiri daga í Elliðaánum

**STANGVEIÐI** Vegna gríðarlegrar ásóknar félagsmanna í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur í veiðileyfi í Elliðaánum fyrir næsta sumar vill félagið fá að lengja veiðitímabilið frá því sem verið hefur á næstliðnum árum.

Að sögn Ólafs E. Jóhannssonar, formanns árnefndar, er hugmyndin að flýta opnun ánna frá 20. til 15. júní og lengja tímabilið næsta haust frá 31. ágúst til 15. september. Þessa haustdaga yrði aðeins veitt á flugu ofan Árbæjarstíflu og öllum laxi sleppt. Ólafur segir málið nú í höndum Orkuveitu Reykjavíkur sem væntanlega vísi því til Veiðimálastofnunar. Vel hefur veiðst í Elliðaánum undanfarin ár. - gar

### ÖLFUS

#### Viðræður við Hveragerði

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt að verða við ósk Hveragerðisbæjar um breytt mörk sveitarfélaganna á svæðinu ofan við Varmá og upp að fjalli.

### REYKJANESBÆR

#### Gestum fjölgaði

Gestum í íþróttamannvirki Reykjanesbæjar árið 2011 fjölgaði talsvert frá fyrra ári. Í fyrra komu alls 638.343 gestir, en voru 598.110 árið 2010. Flestir komu í Sundmiðstöðina í Keflavík, eða um 131.000 gestir.

# Eftirlitskerfið brást

**Alþingismenn sammælast um að eftirlitskerfið hafi brugðist í sílíkon-málinu. Kallar á hertari löggjöf. Tafir urðu á útgáfu bréfa til um 400 kvenna vegna ágreinings um verð og framkvæmd á ómskoðun. Einkastofur rannsakaðar.**

**ALÞINGI** Hörð orð féllu á Alþingi í gær í sérstökum umræðum um PIP sílíkonpúðana. Gagnrýni þingmanna beindist fyrst og fremst að eftirlitsaðilum heilbrigðiskerfisins; Landlækni, Jens Kjartanssyni lýtalækni, Lyfjastofnun og stjórnvöldum.

Velferðarráðherra var einróma hvattur til að beita sér fyrir hertri löggjöf um eftirlit í heilbrigðismálum og samspil hins opinbera og einkageirans hér á landi.

Ólína Þorvarðardóttir og Álfheiður Ingadóttir voru málshefjendur í umræðunum tveimur um ábyrgð og eftirlit hins opinbera gagnvart einkarekinni heilbrigðisþjónustu og viðbrögð heilbrigðisyfirvalda eftir að PIP-málið kom upp. Báðar fóru fram á lagabreytingar er varða eftirlit, viðurlög við vanrækslu og samspil einkageirans og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu.

Álfheiður sagði það ámælisvert og bíræfið af Læknafélagi Íslands að „skjóta skildi yfir nokkra félaga sína“ í ljósi þess að félagið leitaði með mál lýtalækna til Persónuverndar þegar landlæknir krafði þá um upplýsingar um brjóstastækkanir sem þeir hafa gert á stofum sínum síðan árið 2000.

Í svari við fyrirspurn Álfheiðar sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra að ástæða þess að fimm vikur liðu frá því að málið kom upp þar til konurnar sem fengið höfðu PIP púðana fengu boð um ómskoðun og ráðgjöf, væri ágreiningur um verð og hver ætti að vinna verkið.

„Sem undirstrikar að enginn vill axla ábyrgð,“ sagði Guðbjartur. „Þegar farið var í málið voru þetta 393 konur sem fengu bréf. Sumar þeirra fengu bréf án þess að fá púðana, sem undirstrikar einnig hvernig skráningu var háttað.“

Að sögn Guðbjarts hafa um 160 konur af þessum 393, en ekki 440 eins og áður var haldið fram, brugðist við boði velferðarráðuneytisins.

Álfheiður hafði orð á því að fram hafi komið á fundi velferðarnefndar á mánudag að PIP-málið „væri orðið að krísu“ þar sem þar bendi hver á annan í stað þess að taka höndum saman og hafa konurnar, eða fórnarlömbin, með í ráðum og þarfir þeirra í forgrunni þegar leitað er leiða til að leysa málið.

Fjöldi þingmanna lagði orð í belg í umræðunum, þar á meðal Eygló Harðardóttir og Birgitta Jónsdóttir, sem höfðu orð á því að betra hefði verið að láta IKEA sjá um innköllunina á sílíkonpúðunum, heldur en Landlækni og Jens Kjartansson, sem flutti þá inn til landsins. sunna@frettabladid.is

> **393** Þegar farið var í málið voru þetta 393 konur sem fengu bréf. Sumar þeirra fengu bréf án þess að fá púðana, sem undirstrikar einnig hvernig skráningu var háttað.
>
> GUÐBJARTUR HANNESSON VELFERÐARRÁÐHERRA



**FJARLÆGJA Á ALLA PIP PÚÐA** Álfheiður Ingadóttir, formaður velferðarnefndar, gagnrýnir velferðarráðherra fyrir að bjóða ekki öllum konum að láta fjarlægja úr sér PIP sílíkonpúðana, þótt þeir séu ekki lekir.

### Starfsemi einkastofa rannsökuð



Velferðarráðherra hefur ákveðið að stofna ráðgjafahóp til að skoða faglega þætti í starfsemi einkarekinna læknastofa hér á landi og gera tillögur til úrbóta eftir því sem þörf krefur. Hann kynnti ákvörðun sína á ríkisstjórnarfundi í gær.

Á vef velferðarráðuneytisins kemur fram að kveikjan að stofnun hópsins séu margvísleg álitaefni sem upp hafa komið í tengslum við innflutning og notkun frönsku PIP brjóstapúðanna sem mikið hafa verið til umræðu að undanförnu.

Biskupskjör í vor:

## Séra Þórhallur gefur kost á sér

**ÞJÓÐKIRKJAN** Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, hyggst gefa kost á sér í biskupskjöri á kirkjuþingi í vor.



**ÞÓRHALLUR HEIMISSON**

Í yfirlýsingu sem Þórhallur sendi út í gær segir að hann telji hlutverk biskups Íslands að lyfta fram hinni traustu kirkju, gera hana sýnilegri og efla hana, þjóna henni. Því biskup eigi fyrst og síðast að vera þjónn kirkjunnar og andlegur leiðtogi.

Fimm hafa áður tilkynnt að þeir sækist eftir embættinu: Agnes M. Sigurðardóttir, Kristján Valur Ingólfsson, Sigurður Árni Þórðarson, Sigríður Guðmarsdóttir og Þórir Jökull Þorsteinsson. - mþl

Dagur kvenfélagskonunnar:

## Stofna nýtt kvenfélag í dag

**JAFNRÉTTISMÁL Nýtt kvenfélag verður stofnað í Reykjavík í dag, á degi kvenfélagskonunnar og stofndegi Kvenfélagasambands Íslands.**

**Dagur kvenfélagskonunnar var fyrst haldinn fyrir tveimur árum til að vekja athygli á miklu og óeigingjörnu starfi kvenfélagskvenna um árabil.**

**Í tilefni af deginum verður Kvenfélagasambandið með opið hús í Kvennaheimilinu að Hallveigarstöðum milli 16.30 og 18.30 í dag. Þá verður haldinn stofnfundur í nýju kvenfélagi, og geta þær konur sem vilja gerst stofnfélagar.** - þeb


Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

Hagnýt verkefnastjórnun

Afar gagnlegt og hnitmiðað nám fyrir þá sem koma að stjórnun verkefna, hvort sem þau eru stór eða lítil. Heimsþekkt aðferðarfræði kennd (PRINCE2) ásamt áhættugreiningu, breytingastjórnun, áætlanagerð með Project, skipulagningu með aðstoð hugarkorta og margt margt fleira. Halldór Kristjánsson verkfræðingur kennir.

Bættu þér í hóp þeirra rúmlega 630 einstaklinga sem hafa sótt verkefnastjórnunarnám hjá okkur á liðnum árum.

Þriggja vikna nám hefst 6. febrúar (9:00-12:00)
Föstudagsnám hefst 10. febrúar (9:00-12:00)

Verð aðeins 89.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**SLYDDA EÐA RIGNING** Fremur úrkomusamt verður næstu daga, síst þó N-til. Hvessir SV- og V-til á morgun með úrkomu, hægara NA-til. Hiti að 6 stigum S-til á morgun en um frostmark N-til. Áfram úrkoma S- og V-til á föstudag en ekki eins hvasst.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | -1° |
| Berlín | -7° |
| Billund | -1° |
| Frankfurt | -4° |
| Friedrichshafen | -6° |
| Gautaborg | -3° |
| Kaupmannahöfn | -3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 3° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 12° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -9° |
| París | 1° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# HÖFUM OPNAÐ NÝJA SKOÐUNARSTÖÐ AÐ GRJÓTHÁLSI 10

**Láttu okkur skoða bílinn þinn við bestu aðstæður í nýju skoðunarstöðinni okkar að Grjóthálsi 10. Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér og það er alltaf heitt á könnunni.**

**Opið kl. 8-17 virka daga**




BÓN & ÞVOTTA STÖÐIN

Í sama húsi er hin frábæra Bón og Þvottastöð svo auðvelt er að slá tvær flugur í einu höggi og keyra brosandi burt á nýskoðuðum og tandurhreinum bíl.

Aðalskoðun

**Reykjavík**
Grjótháls 10
Sími 590 6940

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

**Reykjanesbær**
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-0011

## KJÖRKASSINN



*Ert þú orðin/n þreytt/ur á fannfergi þessa vetrar?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,4% |
| Nei | 43,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú fylgjandi því að lögum um líffæragjafir verði breytt þannig að gengið sé út frá samþykki látinna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Tæpar 24 milljónir manna innan ESB voru án vinnu í lok síðasta árs:

# Atvinnuleysi í hámarki í Evrópu

**LÚXEMBORG** Atvinnuleysi í ríkjum Evrópusambandsins og á evrusvæðinu náði hámarki undir lok síðasta árs og hefur ekki verið hærra á þessari öld.

Í ríkjum Evrópusambandsins mældist atvinnuleysið 9,9 prósent í nóvember og desember, en það var 9,5 prósent fyrir ári. Á evrusvæðinu var hlutfallið hærra, eða 10,4 prósent, en í fyrra var það slétt tíu prósent.

Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, telur að tæplega 24 milljónir manna innan ESB hafi verið án atvinnu í desember. Þar af hafi 16,5 milljónir verið í evruríkjunum sautján, og 5,5 milljónir atvinnulausra voru undir 25 ára aldri.

Minnst var atvinnuleysið í Austurríki, Hollandi og Lúxemborg, frá 4,1 prósenti til 5,2 prósenta. Atvinnuleysi er mest á Spáni, í Grikklandi og Litháen. Á Spáni voru tæp 23 prósent án atvinnu í desember.

Í fjórtán aðildarríkjum var minna atvinnuleysi nú í desember en fyrir ári og í tólf þeirra var atvinnuleysið meira. Á Írlandi stóð atvinnuleysið í stað milli ára. - þeb

**Atvinnuleysi eftir löndum**

| Mest atvinnuleysi | |
|---|---|
| Spánn | 22,9 % |
| Grikkland | 19,2 % |
| Litháen | 15,3 % |
| **Minnst atvinnuleysi** | |
| Austurríki | 4,1 % |
| Holland | 4,9 % |
| Lúxemborg | 5,2 % |
| **Atvinnuleysi hér á síðasta ársfjórðungi** | |
| Ísland | 6,0 % |

Umhverfisvottun frá 2008:

# Snæfellsnes fær vottun að nýju

**UMHVERFISMÁL** Snæfellsnes hefur fengið umhverfisvottun sína endurnýjaða. Tilkynning frá EarthCheck-vottunarsamtökunum um að vottun hefði náðst fyrir 2012 barst 16. janúar, segir í frétt frá Náttúrustofu Vesturlands.

Snæfellsnes hefur haft umhverfisvottun á starfsemi sinni frá árinu 2008. Til þess að viðhalda slíkri vottun er krafist vöktunar á auðlindanýtingu og ýmsum umhverfisþáttum auk stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum. - shá

Sænskir læknanemar:

# Þriðjungur fer utan til náms

**SVÍÞJÓÐ** Nær þriðji hver sænskur læknastúdent leggur stund á læknisfræðinámið utan Svíþjóðar. Áður fóru flestir til Danmerkur í læknisfræði en nú hafa ný Evrópusambandslönd, eins og til dæmis Rúmenía, orðið vinsæl.

Á vef Svenska Dagbladet segja stúdentar sem eru í háskóla í Cluj Napoca frá svindli og mútugreiðslum. Einn kveðst óttast tilhugsunina um að einhverjir þeirra eigi eftir að starfa innan heilbrigðisgeirans í Svíþjóð.

Rektor skólans segir að gripið hafi verið til aðgerða vegna svindls. - ibs



**INGÓLFSTORG** Vinningshafar munu útfæra tillögur sínar.

68 tillögur um Ingólfstorg:

# Fimm fá tvær milljónir hver

**SKIPULAGSMÁL Alls bárust 68 tillögur í hugmyndasamkeppnin um Ingólfstorg og Kvosina. Fimm tillögur verða valdar til að taka þátt í framkvæmdasamkeppni sem er seinna þrepið. Fá þeir tvær milljónir króna hver til að útfæra tillögur sínar.**

**„Þátttakendur munu þá vinna frekar úr hugmyndum sínum um hönnun hótels og almenningsrýma innan reitsins,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.**

**Að loknu seinna þrepi verður hulunni svipt af nöfnum allra keppanda og niðurstaða dómnefndar birt og haldin sýning á öllum tillögum sem bárust í báðum þrepum.** - gar

# Stríðið í Sýrlandi rætt í öryggisráði

**Hart var sótt að Rússum í gær að samþykkja ályktun gegn Sýrlandi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Rússar sögðu ályktunina ótæka, hún gæti leitt til borgarastríðs í Sýrlandi. Í raun hefur borgarstríð geisað þar vikum saman.**



**LIÐHLAUPA FAGNAÐ** Sýrlenskir mótmælendur fagna liðhlaupa úr hernum sem hefur gengið til liðs við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÝRLAND, AP** Arabalöndin og Vesturlönd eru sammála um að Bashar al-Assad Sýrlandsforseti eigi að fara frá völdum sem allra fyrst.

Þau stóðu saman að ályktun þess efnis, sem rædd var í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna síðdegis í gær, en Rússar virtust ekki líklegir til að greiða henni atkvæði sitt. Þeir hafa neitunarvald í ráðinu, eins og Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar og Kínverjar.

Rússar sögðu hættu á því að ályktunin leiði til alvarlegrar borgarastyrjöld í Sýrlandi. Þar hefur þó í reynd geisað borgarastyrjöld vikum saman.

Æ fleiri hermenn gerast liðhlaupar úr sýrlenska hernum og ganga til liðs við uppreisnarmenn. Hörð átök hafa geisað víða um land og um helgina brutust út í fyrsta sinn harðir bardagar í höfuðborginni Damaskus. Stjórnarhernum tókst að hrekja uppreisnarmenn frá úthverfum Damaskus, en átökunum er engan veginn lokið.

Hundruð manna hafa fallið í bardögum síðustu daga og hafa átökin harðnað verulega síðan eftirlitsmenn Arababandalagsins boðuðu brottför sína frá landinu í síðustu viku.

Eftirlitsmennirnir sögðust ekki sjá sér fært að koma ástandinu í lag og hurfu því á brott nú í byrjun vikunnar.

Sameinuðu þjóðirnar telja að hátt í 5.500 manns hafi látið lífið síðan mótmælin gegn Assad forseta hófust snemma á síðasta ári.

Átökin í gær voru einna hörðust í hverfinu Baba Amr í borginni Homs, þar sem uppreisnarmenn hafa frá upphafi mótmælanna verið öflugir.

Sjónarvottar sögðust hafa heyrt skothríð og sprengingar klukkustundum saman auk þess sem þykkan reyk mátti sjá í fjarlægð. Talið var að reykurinn bærist frá olíuleiðslu, sem hafi orðið fyrir sprengju, en óljóst var um málavöxtu.

Ályktunin, sem rædd var í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, er byggð á friðaráætlun sem Arababandalagið lagði fram en Assad forseti hefur hafnað.

Samkvæmt henni er Assad hvattur til þess að hætta aðgerðum gegn mótmælendum í landinu og láta völd sín í hendur varaforseta landsins. Síðan eigi að mynda þjóðstjórn sem fengi það verkefni að efna til kosninga.

gudsteinn@frettabladid.is

**5.500** er sá fjöldi sem Sameinuðu þjóðirnar áætla að hafi fallið síðan mótmælin hófust snemma á síðasta ári.



**ÖFLUGUR VINNUMARKAÐUR** Stór hluti vinnandi fólks í Noregi er útlendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

Vinnumarkaðurinn í Noregi:

# 15% vinnandi eru útlendingar

**NOREGUR Um það bil 15 prósent af vinnandi fólki í Noregi eru erlendir ríkisborgarar. Þetta kemur fram í fjölmiðlum þar í landi, en samkvæmt upplýsingum frá skattayfirvöldum voru 2.560.000 starfandi í fyrra og þar af voru 387.103 útlendingar.**

**Erlendu starfsfólki hefur fjölgað verulega eftir gildistöku Evrópureglna árið 2004. Tveir hagfræðingar við Viðskiptaháskólann í Osló segja þessa þróun hafa verið jákvæða fyrir norskt efnahagslíf, enda sé að mestu um að ræða faglært starfsfólk frá Austur-Evrópu og Svíþjóð.** - þj

Skipulögðu hryðjuverk:

# Margra ára fangelsisdómar

**NOREGUR** Tveir menn voru í gær dæmdir í sjö og þriggja og hálfs árs fangelsi vegna ráðabruggs um hryðjuverk gegn Jyllands-Posten í Danmörku og teiknaranum Kurt Westergaard. Þriðji maðurinn hlaut fjögurra mánaða fangelsi fyrir að hafa aðstoðað við að útvega sprengiefni.

Þremenningarnir neituðu allir að hafa verið með áætlanir um hryðjuverk. Við réttarhöldin lagði saksóknari fram gögn sem bentu til að einn hinna dæmdi hefði verið í æfingabúðum al-Qaeda í Pakistan. - ibs




Velferðarsvið borgarinnar hleypir ekki fjölmiðlum að starfsstöðvum og starfsfólki:

# Verja skjólstæðinga gegn fjölmiðlum

**REYKJAVÍKURBORG** Skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkur segir það ekki hlutverk sviðsins að finna viðmælendur fyrir fjölmiðla. Þetta kemur fram í svari Huldu Styrmisdóttur vegna fyrirspurnar í borgarráði eftir frétt Ríkisútvarpsins um að lagt hefði verið fyrir starfsmenn velferðarsviðs að svara ekki fjölmiðlum sjálfir.

Þann 11. janúar fengu forstöðumenn og stjórnendur á velferðarsviði tölvupóst. „Það er vinnuregla að vísa öllum fyrirspurnum eða óskum frá fjölmiðlum fyrst til upplýsingafulltrúa,“ segir meðal annars í póstinum sem Hulda kveður hafa verið sendan að beiðni stjórnenda sviðsins. Tilefnið hafi verið ósk fjölmiðils um að taka viðtöl við notendur þjónustu velferðarsviðs á einni starfsstöðva þess.

„Mikilvægt er að samræmi sé í viðbrögðum forstöðumanna varðandi tiltekna þætti, þar með talið aðgengi að starfsstöðvum og samskipti við fjölmiðla,“ segir í svari skrifstofustjórans við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna. Ástæðan sé eðli þjónustunnar.

„Þeir sem njóta þjónustu velferðarsviðs standa oftast höllum fæti vegna veikinda, fötlunar, öldrunar, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og er það skylda velferðarsviðs að verja þá, þar með talið gagnvart fjölmiðlum.“ - gar



**VELFERÐARSVIÐ** Fjölmiðlar fá almennt ekki aðgang og starfsfólkið vísar á upplýsingafulltrúa varðandi svör við spurningum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LÆRÐU AF ÞEIM BESTU!

## NÁMSKEIÐ FYRIR SÉRFRÆÐINGA Í UPPLÝSINGATÆKNI



**6.-27. FEBRÚAR**



Wane Burke

### Certified Ethical Hacker

**Be a network administator – Be a CEH! Find vulnerabilities in your system before they do!** CEH has become the most valued security certification in the IT industry and was the highest rated certification in 2011. In addition, CEH has become the most sought after certification in the sequrity industry. CEH provides a comprehensive ethical hacking and network security-training program to meet the standards of highly skilled security professionals.

**Hefst: 6.feb  Lengd: 50 std.  Verð: 349.000 kr.**

**Wane Burke:** *Wayne is a captain of a global operating group of penetration testers and security experts. Wayne and his group have delivered security assessments (Pen Tests), Digital Forensic Investigation assignments and customized training for International Corporations and many Government Agencies Wayne Burke has considerable hands-on IT Security experience consulting or lecturing in numerous organizations, including Government, Healthcare and Financial institutions.*



Andy Malone

### Windows 8 Server | Technical Preview Masterclass

The next generation of Windows Server is almost upon us and this 1 day technical preview is a unique opportunity to gain an insight into Microsoft's latest Server operation system. This version has hundreds of new features which are designed for the next generation of cloud based computing. This exclusive and intensive course is designed for experienced users of the Windows platform and aims to give a clear understanding on what's new and more importantly what these new features are and what they mean to your business.

**Hefst: 20.feb  Lengd: 10 std.  Verð: 65.000 kr.**

### Windows 8 | Technical Preview Masterclass

The wait is over! Announcing, the all new Windows 8 Beta MasterClass. Be one of the first to experience life on the edge with the next generation of Windows. Join us for the highly anticipated beta release of both Windows 8 Client and Server. Packed with more new features than you shake a stick at Windows will not astonish you but dazzle you with increased performance, slimline design. This course is for IT Professionals with experience of the Windows Client / Server Platform who are looking to gain early insight in to future developments.

**Hefst: 21.feb  Lengd: 10 std.  Verð: 65.000 kr.**

### Microsoft Office 365: The Masterclass!

Microsoft Office 365 has arrived! In this 1 day MasterClass you will witness the next generation of collaboration and productivity. Step up as we discuss not only these new technologies but also the potential opportunities they bring. From initial setup this course takes you through all the features from administration and deployment to integration, co-existence, migration and troubleshooting. This course is for Early Adopters, IT Professionals with experience of the Office, Exchange and SharePoint Platforms who are looking to gain insight in to future developments.

**Hefst: 22.feb  Lengd: 10 std.  Verð: 65.000 kr.**

**Andy Malone:** *Andy is a popular Freelance Trainer, international conference speaker and technology consultant with over 15 years' experience. Primary focus is for security, but also the Windows platform, Virtualization, Exchange and SharePoint technologies. Andy continues to work with the Microsoft product teams to create and deliver ground breaking material on Windows 8, Server 8 and beyond.*



Paula Januszkiewicz

### Microsoft Sharepoint 2010 - Power users

This course explores all the basic end user features of SharePoint 2010 including all basic lists and sites. Other topics include List Management tasks, Permissions and working with basic SharePoint Foundation sites. After completing this course, students will be able to understand and work with SharePoint Lists, List Management tasks, Permissions and basic SharePoint Foundation sites.

**Hefst: 20.feb  Lengd: 30 std.  Verð: 195.000 kr.**

**Paula Januszjuewicz:** *Paula is the CEO at CQURE, IT Security Auditor and Penetration Tester, Enterprise Security MVP, trainer (MCT) and Microsoft Security Trusted Advisor. Paula is a top speaker at many international conferences (incl. TechEd North America, TechEd Middle East and TechEd Europe and other) and writes articles on Windows Security.*



Jakub Skalbania

### MS CRM 2011 - Installation and Deployment

This two-day instructor course covers the installation and configuration of Microsoft Dynamics CRM 2011. The course describes the components used within a Microsoft Dynamics CRM 2011 deployment, installation instructions for the Microsoft Dynamics CRM Server, the E-mail Router, Microsoft Dynamics CRM for Office Outlook, how to configure Claims-based authentication and how to implement an Internet-facing deployment.

**Hefst: 27.feb  Lengd: 20 std.  Verð: 139.000 kr.**

**Jakub Skalbania:** *The course will be taught by Jakub Skalbania, Managing Partner and Lead Consultant at Netwise SP. Jakub is a former Product Support Analyst and Microsoft Dynamics CRM Consultant at Microsoft.*



Bartosz Kierun

### Microsoft SharePoint 2010, Application Development

This course provides existing .NET developers with practical information and labs that enables them to build solutions on the Microsoft SharePoint 2010 platform. The course is intended for professional developers who use Microsoft SharePoint 2010 in a team-based, medium-sized to large development environment and are experienced users of Microsoft Visual Studio 2008 SP1. Furthermore the audience should understand how to use the new features of SharePoint 2010 and Visual Studio 2010.

**Hefst: 13.feb  Lengd: 50 std.  Verð: 325.000 kr.**

**Bartosz Kierun:** *Bartosz is an independent trainer and Solution Architect working for multinational financial services corporations. He has been designing, analyzing and developing solutions based on .NET technologies stack and SQL Server. His primary experience lies in web based technologies (ASP.NET, ASP.NET MVC, AJAX etc.) and integration solutions using SharePoint Server.*

PRENTUN.IS

Microsoft Partner
Silver Learning

CompTIA

Cisco Systems

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað veltir landslénið .is mörgum milljónum á ári?
2. Hver er formaður refsiréttarnefndar?
3. Hver orti: „Ég man Sinalco“?

SVÖR

1. 207 2. Róbert R. Spanó 3. Þórarinn Eldjárn

Einkabankar sem hafa lánað Grikkjum sjá fram á 70 prósenta tap á skuldum gríska ríkisins:

# Treglega gengur að selja ríkiseignirnar

**GRIKKLAND** Grískum stjórnvöldum hefur gengið illa að standa við þá áætlun um samdrátt og aðhald í ríkisrekstri, sem er forsenda frekari fjárhagsaðstoðar frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Mun minni eftirspurn en vonast var til hefur verið eftir ríkisfyrirtækjum og öðrum ríkiseignum sem átti að selja. Einkabankar, sem hafa lánað Grikkjum, eru tregir til að semja um eftirgjöf skuldanna og segjast nú sjá fram á allt að 70 prósenta tap af eignum sínum.

Grikkir vonast til þess að á næstu dögum náist samkomulag við fulltrúa frá ESB og AGS, sem hafa verið í landinu undanfarna daga að ræða við stjórnvöld um næstu greiðslur.

Samkomulag, sem tókst á leiðtogafundi ESB á mánudag um stofnun varanlegs stöðugleikasjóðs og áform um stofnun fjármálabandalags gagnast Grikkjum lítt í þessum bráðavanda.

Hugmyndir Þjóðverja um að Evrópusambandið taki að sér umsjón með grísku fjárlögunum voru ekki rædd á leiðtogafundinum á mánudag, enda höfðu þau fengið afar hörð viðbrögð frá Grikkjum. - gb



**Á FUNDI Í BRUSSEL** Lucas Papademos, forsætisráðherra Grikklands, á leiðtogafundi Evrópusambandsins á mánudag. Leiðtogar Danmerkur og Þýskalands, þær Helle Thorning-Schmidt og Angela Merkel, eru skammt undan. NORDICPHOTOS/AFP



**SJÁVARÚTVEGUR** Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greiddu niður skuldir fyrir 59,2 milljarða króna árið 2010. Við það rúmlega tvöfaldaðist eigið fé í greininni.

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

# Hagnaðarhlutfall sjávarútvegs lakara árið 2010

**SJÁVARÚTVEGUR** Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 2010 var 19,8 prósent af heildartekjum sé miðað við árgreiðsluaðferð. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt var 28,9 prósent af heildartekjum. Þetta kemur fram í nýjasta eintaki Hagtíðinda Hagstofunnar.

Hagnaðarhlutfall í sjávarútvegi dróst því örlítið saman milli áranna 2009 og 2010. Árið 2009 voru sömu hlutföll 22 prósent og 31 prósent.

Þá kemur fram í Hagtíðindum að heildareignir sjávarútvegs í árslok 2010 voru 559 milljarðar króna en heildarskuldir 500 milljarðar. Þá lækkuðu skuldir um 59,2 milljarða á árinu 2010. - mþl

# Gögn frá Langjökli sýna upphaf ísaldar

**Hin svokallaða litla ísöld hófst mun fyrr en áður var talið samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem íslenskir vísindamenn tóku þátt í. Veðurfar kólnaði í nærri 600 ár. Kaldasti kaflinn síðustu átta þúsund ár segir jarðfræðingur.**

**VÍSINDI** Fjögur stór eldgos á árabilinu 1275 til 1300 komu af stað keðjuverkun sem olli verulegri kólnun langt fram á 19. öldina, eða í um 600 ár, samkvæmt niðurstöðum rannsókna vísindamanna. Þeir notuðu m.a. mælingar á Langjökli til að styðja við kenninguna.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við getum tímasett litlu ísöldina nokkuð nákvæmlega, og það er ekki síst því að þakka að við getum notað árlögin á botni Hvítárvatns,“ segir Áslaug Geirsdóttir, prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands.

Vísindamenn hafa lengi deilt um hvenær litla ísöldin hófst, og hafa margir talið að hún hafi byrjað um árið 1450. Einnig hefur verið deilt um hvers vegna hún hófst. Sumir tengja eldgosin við kólnunina, en aðrir tengja hana sólblettum.

Rannsóknir íslensku og bandarísku vísindamannanna sýna að stór eldgos sem komu í kippum á árabilinu 1275 til 1300 komu af stað keðjuverkun í náttúrunni, segir Áslaug. Veðurfar á norðurhveli kólnaði verulega, meðalhitinn lækkaði um eina til tvær gráður. Þetta var kaldasta skeiðið síðustu átta þúsund ár, segir Áslaug.

Eldgosin þeyttu upp miklu magni af brennisteinsögnum sem komu í veg fyrir að sólargeislar næðu til yfirborðs jarðar. Það eitt og sér dugir venjulega ekki til, segir Áslaug. Þó veður hafi kólnað í kjölfar eldgosa hafi kólnunin ekki varað lengur en í tvö til þrjú ár.



**HVÍTÁRVATN** Rannsóknarmenn bora í Hvítárvatn í Langjökli. MYND/ÁSLAUG GEIRDÓTTIR

Áhrifin af nokkrum stórum eldgosum urðu þau að hafís breiddist út á norðurhveli, sem hélt kuldanum lengur en eldgosin ein hefðu gert, segir Áslaug. „Þetta var orðin sjálfsviðhaldandi kólnun.“

Rannsókn á setlögum á botni Hvítárvatns við Langjökul sýndi að á tímabilinu 1275 til 1300, og aftur um árið 1450, voru setlögin óvenju þykk. Það sýnir að Langjökull var óvenju stór á þessum árum.

Áslaug segir að það hafi ekki verið fyrr en niðurstöður þeirrar rannsóknar voru bornar saman við niðurstöður rannsókna á Baffinslandi og borkjörnum frá Grænlandsjökli að í ljós hafi komið að kólnunin var ekki staðbundin heldur náði yfir allt norðurhvel jarðar.

Eldgosin fjögur sem komu af stað litlu ísöldinni urðu í hitabeltinu, en lítið er vitað um gosin, segir Áslaug. Eldgos urðu á Íslandi á þeim tíma sem kólnunin hófst, og því má segja að íslensk eldfjöll hafi hjálpað til við að kæla norðurhvel jarðar, þó ekki beri þau höfuðábyrgð. brjann@frettabladid.is



**HÚSAVÍK** Vaxandi umsvif ferðaþjónustu eru sögð þrengja að útgerð.

Breytingar ekki samþykktar:

# Ferðafólk sagt trufla útgerð

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Norðurþings samþykkti ekki áform skipulagsnefndar um að stækka blandað svæði fyrir hafnarstarfsemi og verslun og þjónustu á kostnað hreins hafnarsvæðis á Húsavík.

„Nú sé svo komið að útgerðarfyrirtæki geta ekki athafnað sig á eðlilegan hátt á hafnarsvæðinu með tæki og flutninga vegna slysahættu fylgjandi aukinni umferð ferðamanna,“ er vitnað til bréfs Braga Sigurðssonar í fundargerð bæjarstjórnar.

Í öðru bréfi var hins vegar bent á að verulega hafi dregið úr starfsemi fiskvinnslu á hafnarsvæði Húsavíkur. Bæjarstjórnin samþykkti ekki breytinguna. - gar

**ÁRBORG**

### Ólöglegur keppnisvöllur

Völlur íþróttahúss Vallaskóla á Selfossi uppfyllir ekki reglur um löglega breidd handboltavalla. Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur hafnað ósk sveitarfélagsins Árborgar um að UMFS megi nýta íþróttahúsið Iðu fyrir handboltaæfingar og leiki.




Bresku pari var vísað frá Bandaríkjunum vegna meintrar hótunar á samskiptavef:

# Ætluðu að „leggja Bandaríkin í rúst“

**BANDARÍKIN** Bresku pari var meinað að koma til Bandaríkjanna nýverið eftir að annað þeirra skrifaði færslu á samskiptavefinn Twitter sem skilja má sem hótun um árás á bandaríska grundu.

„Ég er á lausu þessa viku fyrir spjall og undirbúning áður en ég fer og legg Bandaríkin í rúst,“ skrifaði Leigh Van Bryan á Twitter-síðu sína stuttu áður en hann fór í frí til Bandaríkjanna, að því er fram kemur í frétt BBC.

Starfsmenn heimavarnarráðuneytis Bandaríkjanna sáu ummælin og var vægast sagt ekki skemmt. Bryan og vinkona hans komust ekki lengra en á flugvöllinn í Los Angeles áður en þau voru stöðvuð, yfirheyrð og að lokum send til baka til Bretlands.

„Starfsmenn heimavarnarráðuneytisins fóru með mig eins og einhvers konar hryðjuverkamann,“ sagði Bryan við dagblaðið Sun. „Ég reyndi að segja þeim að þeir hafi misskilið það sem ég skrifaði.“

Talsmaður samtaka ferðaskrifstofa í Bretlandi varaði ferðamenn við að segja eða skrifa á opinberum vettvangi eitthvað sem skilja megi sem hótun í garð ríkis sem þeir ætla að heimsækja. - bj



**ÁRÁSIR** Starfsmenn bandaríska heimavarnarráðuneytisins hafa almennt lítinn húmor fyrir tali um árásir á Bandaríkin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


60%
afsláttur af
BAÐSÝNINGARINNRÉTTINGUM
86.070**
verð áður 226.497
Hvítt háglans 122 x 48 sm
Ath!
SÝNINGAR INNRÉTTINGAR
aðeins ein af hverri
Steinborðplata
87.110**
verð áður 255.557
Hvítt fulningur 122 x 48 sm
56.768**
verð áður 149.390
Hnota 80/90x 48 sm
Steinborðplata
63.160*
verð áður 166.210
Askur 101 x 48 sm
81.860*
verð áður 215.417
DUCAL eik 80/140 x 48 sm
Steinborðplata
104.980*
verð áður 276.297
Hvítt háglans 101/140 x 48 sm
59.300**
verð áður 156.050
Steinborðplata
Kirsuberja fulningur 122 x 48 sm
48.175*
verð áður 126.780
Ljós eik 92 x 36 sm
41.530*
verð áður 109.305
Hlynur 61 x 36 sm
* Bl.tæki og spegill ekki innifalið í verði
** Spegill ekki innifalið í verði
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

SPRENGJA Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR



**LITIÐ GRAFALVARLEGUM AUGUM** Lögregla hafði gríðarlegan viðbúnað á staðnum, og sagði Stefán Eiríksson það til marks um alvarleika málsins. Á þriðja tug lögreglumanna voru á vettvangi þegar mest lét. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EKKERT GRÍN** Lögregla telur að ekkert grín hafi verið á ferðum á Hverfisgötunni. Sprengjusveitir notuðust við fjarstýrt vélmenni til að kanna vettvanginn og skjóta sprengju að því sem fyrir var á götunni áður en maður íklæddur hlífðarbúnaði var sendur á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SPRENGJAN GRANDSKOÐUÐ** Lögreglumenn skoðuðu leifarnar af sprengjunni eftir að búið var að ganga úr skugga um að engin hætta væri á ferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byggingar rýmdar vegna sprengju í miðborginni

**Sprengja sprakk nærri Stjórnarráðshúsinu eldsnemma í gærmorgun. Sprengjumannsins er leitað. Gríðarlegur viðbúnaður var á vettvangi fram að hádegi.**

Sprengjusveitir lögreglu og Landhelgisgæslunnar voru kallaðar að Hverfisgötu í gærmorgun eftir að sprengja sprakk þar á sjöunda tímanum.

Lögregla lokaði Hverfisgötu frá Lækjargötu upp að Ingólfsstræti og rýmdi tvö hús: Hverfisgötu 4, þar sem eru meðal annars skrifstofur Ríkissaksóknara, Ríkislögmanns og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Hverfisgötu 4A, bakhús með skrifstofum á vegum forsætisráðuneytisins.

Enginn hafði verið handtekinn vegna málsins í gær en mikið kapp var lagt á að finna þann eða þá sem voru að verki. Lögregla lýsir eftir vitnum að atburðinum.

Vitni sem ræddi við fréttastofu RÚV í gær kvaðst hafa heyrt tvær öflugar sprengingar um klukkan 6.40 um morguninn og séð lágvaxinn, feitlaginn mann á miðjum aldri hlaupa af vettvangi og aka á brott á litlum, hvítum sendiferðabíl. Vitnið hafði samband við lögreglu.

Starfsmaður í Stjórnarráðshúsinu varð einnig var við sprengingu en áttaði sig illa á hvaðan hljóðið barst. Fljótlega hafði svæðið verið girt af en lögreglumenn héldu sig þó lengst af í nokkurri fjarlægð frá sprengjunni og skýldu sér jafnvel á bak við bíla.

Um klukkan tíu óku liðsmenn sprengjusveitar fjarstýrðu vélmenni að leifum sprengjunnar, sem lágu fyrir utan innganginn að Hverfisgötu 4. Vélmennið er útbúið myndavél sem sendi myndir af sprengjuleifunum inn í nærstaddan bíl, þaðan sem vélmenninu var stjórnað. Klukkan hálfellefu skaut vélmennið lítilli sprengju að því sem fyrir var á gangstéttinni svo kvað við.

> Þetta var alvöru. Þetta voru ekki strákar að leika sér með flugelda.
>
> STEFÁN EIRÍKSSON LÖGREGLUSTJÓRI

Skömmu síðar fór liðsmaður sprengjusveitarinnar, íklæddur miklum hlífðarbúnaði, að sprengjunni, lagðist yfir hana og skoðaði gaumgæfilega til að ganga úr skugga um að af henni stafaði ekki lengur hætta. Um hálftólf var aðgerðum lokið og aðrir lögreglumenn fikruðu sig loks nær staðnum þar sem sprengjan hafði sprungið.

Meðan á öllu þessu stóð sat ríkisstjórnin á fundi í Stjórnarráðshúsinu spölkorn frá. Stefán Eiríksson lögreglustjóri gekk á fundinn á ellefta tímanum til að skýra frá því sem á gekk en ekki þótti ástæða til að rýma húsið.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri ræddi við fjölmiðlamenn á vettvangi þegar aðgerðum þar var að ljúka en vildi lítið gefa uppi. „Þetta var alvöru. Þetta voru ekki strákar að leika sér með flugelda,“ sagði hann.

Sprengjan er talin hafa verið samsett úr brúsa af bensíni, hvellhettu af einhverju tagi og jafnvel rafgeymi,

Í tilkynningu frá lögreglunni vegna málsins segir að sprengjan hafi ekki verið öflug og hafi ekki valdið skaða en hætta hafi þó verið á ferðum í nánasta umhverfi. Þá sé ljóst að kunnáttu hafi þurft til að útbúa hana.

Lögregla hefur í sínum fórum upptökur úr öryggismyndavélum, en ein þeirra snýr að staðnum þar sem sprengjan sprakk.




Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is





JANÚARTILBOÐ

ÖRTREFJAKLÚTAR
BLÁIR, BLEIKIR OG GULIR

1 stk. 40x40 cm

TILBOÐSVERÐ
187 KR.
Verð áður 250 kr.

Góð þjónusta
Stórhöfða 42, Reykjavík | 587 7788
Austursíðu 2, Akureyri | papco.is

papco

# Síðustu dagar útsölunnar

# GÖTU-MARKAÐUR

HEFST Í DAG

ENN LÆGRA VERÐ

Síðustu forvöð að gera dúndurkaup!

Bláa bomban heldur áfram inni í versluninni

20%
viðbótarafsláttur
af allri útsöluvöru

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þingsályktunartillaga um ætlað samþykki við líffæragjafir:

## Greiðari leið til lífgjafar eftir andlát

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Allmörg nýru úr lifandi gjöfum eru grædd í Íslendinga ár hvert. Vegna þessarar gjafmildi á annað nýra sitt til nákominna fjölskyldumeðlima hefur fjöldi fólks öðlast möguleika til verulega aukinna lífsgæða.

Hér hefur hins vegar ekki skapast hefð fyrir því að gefa líffæri eftir andlát þó það hafi verið heimilt lögum samkvæmt í meira en 20 ár þótt ekki sé það óþekkt að líffæri séu gefin úr látnum Íslendingum. Sömuleiðis fá allnokkrir Íslendingar líffæri úr látnum gjöfum ár hvert en íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa verið í samstarfi við sjúkrahús á Norðurlöndum vegna líffæraígræðslna.

Ígrætt líffæri hefur bæði bjargað mörgum mannslífum og aukið til muna lífsgæði fólks. Slíkar aðgerðir heppnast stöðugt betur og mikil eftirspurn er eftir líffærum. Framboð líffæra nær þó engan veginn að svara eftirspurn þannig að fjöldamargir bíða á hverjum tíma nýs líffæris og því miður lifa ekki allir þann dag að fá nýtt líffæri.

Siv Friðleifsdóttir, þingkona og fyrrum heilbrigðisráðherra, fer nú fyrir hópi 18 þingmanna úr öllum flokkum sem hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi álykti að fela velferðarráðherra að láta semja frumvarp til laga þar sem gert er ráð fyrir ætluðu samþykki við líffæragjafir í stað ætlaðrar neitunar eins og nú er raunin í lögum.

Með því að gera fyrir fram ráð fyrir samþykki við líffæragjöf fremur en neitun er fetað í fótspor ýmissa ríkja svo sem Noregs, Svíþjóðar og Finnlands en flutningsmenn tillögunnar leggja til að farið verði að dæmi þessara þjóða hvað varðar möguleika ættingja til að hafna líffæragjöf.

Engu að síður er það mikilvægur viðsnúningur á grundvallarsýn laganna að ætla manni það fyrirfram að hann vilji koma náunga sínum til hjálpar með því að gefa heilbrigt líffæri sem að öðrum kosti kæmi engum að gagni. Lagasetning sem gengur út frá þessari afstöðu á að geta greitt mjög fyrir líffæragjöfum. Sömuleiðis má gera ráð fyrir að breytt lagasetning stuðli að mikilvægri umræðu innan fjölskyldna um hug fólks til líffæragjafar.

Ætla verður að þingsályktunartillaga Sivjar og félaga hljóti jákvæða meðferð þingsins þannig að hægt verði að breyta lagasetningunni sem allra fyrst.

Með því að ganga út frá að látinn einstaklingur kjósi að láta líffæri sitt koma öðrum einstaklingi að gagni ef mögulegt er, er stigið skref í átt til framfara. Slík lagasetning getur ekki aðeins aukið lífsgæði fjölda fólks heldur beinlínis bjargað mannslífum.

Til þess að breytt lagasetning nýtist sem allra best er einnig mikilvægt að efna til umræðna í fjölskyldum um afstöðu til líffæragjafar. Það greiðir verulega fyrir ákvarðanatöku ástvina á sorgarstundu að þeim sé kunnugt um hver afstaða hins látna ástvinar hefur verið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að vera eða …?

Lögmaðurinn Jón Egilsson var á dögunum dæmdur til fjársektar fyrir að „misbjóða virðingu“ Héraðsdóms Reykjavíkur. Jón hafði í dómsal hermt eftir þolanda líkamsárásar, kjökrandi að hringja í lögmann sinn. Í samtali við Vísi í gær bar Jón því við að um misskilning hafi verið að ræða. Hann hafi einungis ætlað að „sýna fram á hvernig ofsahræddur maður hagar sér“. Brot Jóns virðist því fyrst og fremst felast í því að hann sé ekki betri leikari. Þetta kallar á námskeið.



### Hvaða sendiráð voru það?

Merkileg tíðindi komu fram á Alþingi í gær þar sem fjallað var um frumvarp um frjálsari innflutning gæludýra. Sigurður Ingi Jóhannsson varaði við því að of geyst væri farið í þau mál, og studdi góðum rökum. Í máli sínu reifaði hann einnig „sögu sagða fyrr á tímum“ um að gæludýr sem hafi komið óhindrað til landsins í gegnum sendiráð hafi oft verið teymd niður á götuhorn til að eðla sig með innlendum dýrum. Sigurður getur ekki látið þar við sitja. Hann verður að tiltaka hvaða sendiráð um var að ræða. Á meðan liggja öll undir grun, sum að ósekju.



### Kenningarsmiðirnir djúpu

ESB-umsókn Íslands barst til tals í þessum efnum, eins og við var að búast. Sigurður Ingi gat þess í framhjáhlaupi að „smiðir djúpra samsæriskenninga“ gætu velt því fyrir sér hvort þetta mál væri sett fram til að veikja samningsstöðu Íslands í aðildarviðræðunum. Hann tók þó fram að sjálfur væri hann ekki á þeirri skoðun.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR



## Moska, mannréttindi og kristin trú

Trúmál
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir
verkefnisstjóri á Biskupsstofu og ritari Samráðsvettvangs trúfélaga



Fyrir 14 árum bjó ég um tíma í landi þar sem fjöldi trúarbragða er sýnilegur á kröftugan og litríkan hátt, meðal annars með fjölda trúarhátíða. Meirihluti landsmanna eða rúmlega 60% eru múslímar, tæp 20% búddistar, tæp 10% kristnir og rúmlega 7% hindúar.

Fyrir áhugamanneskju um trúarbrögð var þetta mikið tækifæri. Ég skoðaði moskur, fór í hindúamusteri og búddamusteri og fylgdist með fjölda trúarhátíða. Og ég sótti kirkju. Alls staðar var trúað fólk reiðubúið að segja mér frá trú sinni og hvers vegna hún skipti máli fyrir það. Og stolt að sýna mér sitt trúarlega heimili, hvort sem það var kirkja, musteri eða moska.

Undanfarið hef ég orðið vör við hóp sem í samfélagsmiðlum hvetur gegn því að hér á landi verði byggð moska. Það er merkilegt hve hvöss viðbrögð það vekur jafnan þegar rætt er um byggingu mosku, ólíkt umræðu um aðrar trúarlegar byggingar. Ótti við íslam og múslíma byggir á röngum staðalmyndum, sem meðal annars tengist því að fáir þekkja múslíma vel og draga allar sínar ályktanir af fjölmiðlum og fréttaflutningi af þröngum hópum umdeildra róttæklinga sem skera sig úr fjöldanum, oft á stríðssvæðum.

Staðreyndin er sú að fjöldi múslíma býr á Íslandi og margir hafa búið hér í áratugi. Sumir eru fæddir hér, sumir eru Íslendingar að langfeðgatali. Það eru tvö íslömsk trúfélög skráð á Íslandi og bæði hafa samkomuhús. Að meina þessum hópum öðrum fremur að byggja önnur samkomuhús sem eru sérhönnuð sem trúarlegar byggingar – moskur – er bæði múslímafælni og mannréttindabrot.

> Það getur ekki verið boðskapur kristninnar að meina múslímum að byggja mosku.

Stundum er þessi ótti réttlættur með tilvísun í kristna trú. Ég er kristin og það hefur alltaf skipt mig miklu máli að geta sótt kirkju. Ég hef verið svo gæfusöm að geta gert það víða um heim í ólíkum löndum, þar á meðal löndum þar sem kristin trú er í minnihluta. Ég skil því vel þá ósk trúaðs fólks af ýmsum trúarbrögðum að vilja eignast húsnæði til trúariðkunar. Þetta á við um hof, musteri, sýnagógur, kirkju – og moskur. Það getur ekki verið boðskapur kristninnar að meina múslímum að byggja mosku.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Betra samfélag

**Stjórnmál**



**Jóhanna Sigurðardóttir**
formaður Samfylkingarinnar



**Steingrímur J. Sigfússon**
formaður VG

Í dag eru rétt þrjú ár liðin frá því minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og VG tók við völdum eftir alvarlegasta fjármálahrun í sögu lýðveldisins. Í þingkosningunum 25. apríl sama ár fengu þessir flokkar skýrt meirihlutaumboð frá kjósendum.

Verkefni okkar í þágu almennings og framtíðarheilla landsmanna virtust í fyrstu nær óyfirstíganleg og sá möguleiki var raunverulega fyrir hendi að þjóðin yrði gjaldþrota ef ekki yrði hið bráðasta og af einurð tekist á við vandann. Sem gefur að skilja reyndi þetta á bein tveggja ungra flokka, Samfylkingarinnar og VG, sem báðir voru stofnaðir fyrir 12 til 13 árum. Varla var heldur við því að búast að margir vörslumenn sérhagsmuna í landinu yrðu sérlega hrifnir þegar þeir lásu samstarfsyfirlýsingu fyrstu hreinræktuðu ríkisstjórnar jafnaðar-, umhverfis- og vinstristefnu: Norrænt velferðarsamfélag skyldi vera leiðarljós, sjálfbær þróun, félagslegt réttlæti og jöfnuður og opin og skilvirk stjórnsýsla samfara lýðræðisumbótum. Ýmislegt hefur gengið á og ekki hafa allir samherjar okkar sætt sig við framkvæmd einstakra stefnumála. En mótlætið hefur hert okkur og þroskað og þegar hér er komið sögu efumst við ekki um að takast muni að ljúka stórum og mikilvægum viðfangsefnum á þeim tíma sem eftir lifir kjörtímabilsins. Við erum bjartsýn og í sóknarhug enda betri tíð í vændum.

### Ástæða til bjartsýni

Endurreisn bankakerfisins og skuldaúrvinnsla fyrirtækjanna skapar svigrúm sem mun hleypa auknum krafti í atvinnulífið. Hagvöxtur reynist meiri en spáð var, líklega 3,5 til 4 prósent á síðasta ári. Hann gæti hæglega orðið 2,5 til 3 prósent á þessu ári en til samanburðar er því spáð að hann verði 1,5 prósent að jafnaði innan Evrópusambandsins. Ytri skilyrði geta vitanlega dregið úr vilja til fjárfestinga vegna þrálátra hremminga alþjóða fjármálakerfisins. En á móti slíku vegur að mörgu leyti ágætt ástand innanlands. Benda má á vaxandi loðnukvóta sem er góður búhnykkur og skilar milljörðum inn í hagkerfi okkar.

Miklar orkuframkvæmdir eru hafnar eða í þann mund að hefjast, við Búðarháls, á norðaustursvæðinu og á suðvesturhorninu. Framvindan ræðst af þeim samningaviðræðum sem þegar eru hafnar við fjölbreyttan hóp fjárfesta sem sýnt hafa landinu áhuga. Á annan tug fjárfestingarsamninga er til skoðunar eða hafa verið undirritaðir og koma brátt til framkvæmda.

Á næstunni verða stigin tvö mikilvæg skref í afnámi gjaldeyrishaftanna. Annars vegar er um að ræða annað gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands en hins vegar er um að ræða fyrsta fjárfestingarútboðið sem ætlað er að laða erlendar fjárfestingar til landsins samfara flutningi á aflandskrónum inn í landið. Matsfyrirtækið Fitch gat þess í ársbyrjun að takist útboðin vel komi til greina að lyfta Íslandi í fjárfestingarflokk. Fari svo væri Ísland á nýjan leik metið í fjárfestingarflokki af öllum stóru matsfyrirtækjunum og eitt þeirra breytti nýlega horfum Íslands úr neikvæðum í stöðugar.

### Lýðræði og auðlindir

Innan fárra vikna er stefnt að framlagningu frumvarps um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem tryggja á landsmönnum forræði yfir auðlindum sjávar og að þeir njóti eðlilegrar rentu af þeim. Sjávarútvegi hefur vegnað vel undanfarin misseri og hefur eigið fé greinarinnar tvöfaldast á milli ára. Þetta er margþætt mál og breytingar gera ríkar kröfur til allra um samstarfsvilja.

Rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma verður vonandi samþykkt á Alþingi innan tíðar. Með innleiðingu Árósarsamningsins, friðlýsingum svæða og mörgum fleiri aðgerðum hefur verið brotið í blað í umhverfismálum. Þá er í undirbúningi stofnun auðlindasjóðs.

Við ætlum okkur að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar og koma í veg fyrir að sú merkilega lýðræðistilraun, sem við höfum beitt okkur fyrir, renni út í sandinn. Alþingi hefur til þessa reynst þetta gagngera umbótastarf um megn. Umbætur á sviði lýðræðisog mannréttindamála hafa verið og verða áfram eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar.

### Varanlegan bata

Enginn þarf að velkjast í vafa um að þjóðin á síðasta orðið um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt ákvörðun meirihluta Alþingis er nú verið að kanna til fullnustu kosti og galla aðildar. Afstaða stjórnarflokkanna til aðildar er ólík en virðing og umburðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum er einmitt nauðsynleg í stórmálum sem þessu.

Það ætti ekki heldur að þurfa að vefjast fyrir neinum að ríkisstjórn jafnaðar, umhverfisverndar og vinstristefnu leggur sig fram nú sem endranær um að verja félagslegt réttlæti og jöfnuð. Meðal mikilvægra verkefna á þessu sviði er að vinna áfram að því að afla haldbærra gagna um skuldastöðu heimilanna eða einstakra hópa. Aðeins á slíkum grundvelli er hægt að útfæra áframhaldandi stuðning við fjölskyldur í vanda. Heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins er enn eitt forgangsverkefnið sem mikilvægt er að ljúka á kjörtímabilinu.

Margar nágrannaþjóðir spyrja sig nú hvernig það megi vera að Íslendingum hafi tekist á svo skömmum tíma að fóta sig eftir stórfellt efnahagshrun. Mest er um vert að sýna fram á að batinn er hafinn og hefur allar forsendur til þess að verða varanlegur. Einnig að dýpri og frekari umbreytingar á þjóðfélaginu eiga enn eftir að bæta mannlífið og kjörin í landinu.

**AF NETINU**

### Fjöldamorð eða þjóðarmorð

Deilurnar um þjóðarmorð Tyrkja á Armenum snúast um keisarans skegg. Enginn vafi er á, að Tyrkir frömdu fjöldamorð á Armenum í fyrri heimsstyrjöldinni. Spurningin er bara, hvenær fjöldamorð eru skilgreind sem þjóðarmorð. Tyrkir ættu að skammast sín á illverkum feðranna og biðjast afsökunar fremur en að berja hausnum við steininn. Hins vegar er líka fáránlegt, að vestræn ríki ákveði með lögum að stjórna, hvernig sé talað eða skrifað um þessa atburði. Algerlega er fáránlegt að reyna að banna rangar skoðanir, svo sem á morðum á gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni. Og að fangelsa menn fyrir að hafa þær.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**


# Nýr kostur í sparnaði

**Eignabréf er nýr blandaður** fjárfestingarsjóður sem hentar vel fyrir reglubundinn sparnað. Sjóðurinn hentar vel í langtímasparnað fyrir einstaklinga sem vilja ávaxta hluta af sparnaði sínum í öðrum verðbréfum en ríkisskuldabréfum.

Sjóðurinn fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Grunnfjárfesting sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkisins. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum og vænt ávöxtun til lengri tíma hærri.

**Reglubundinn sparnaður**
Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Eignabréf** – Eignasamsetning 01.01.2012




Eignasamsetning ræðst af fjárfestingarstefnu og markaðsaðstæðum hverju sinni. Fjárfestingarstefnu má finna í útboðslýsingu á landsbankinn.is.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Fyrirvari: *Eignabréf* er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki.is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR

# STÓRÚ

# ALLT AÐ 70%

FARTÖLVUR • MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • TU
SKJÁKORT • MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • PRENTAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • MP3 SPILARAR • VIFTUR
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR
MÚSAMOTTUR • BORÐTÖLVUR • VINNSLUMINNI • HÝ
SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR

1500 VÖRUR Á ÚTSÖLU!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

AÐEINS NOKKRIR DAGAR!




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18 – Laugardaga 11-16

Logitech Sarotech TOSHIBA SAMSUNG Razer WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# AFSLÁTTUR

RNKASSAR • SÝNINGAREINTÖK • FARTÖLVUTÖSKUR
AR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • APPLE • HÁTALARAR
• GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
• UMBÚÐALAUST • KAPLAR • KÆLINGAR • TÖLVUSKJÁIR
SINGAR • HLJÓÐNEMAR • MARGMIÐLUNARSPILARAR
• MÝS • SPJALDTÖLVUR • LEIKJAMÝS • ÚTLITSGALLAÐ

FYRSTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR!

OPNUM KL. 9

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Barnasáttmáli SÞ er lykill að stuðningi við börn sem eru þolendur mansals

Barnasáttmáli SÞ

Gordon Alexander
yfirmaður Innocenti, rannsóknamiðstöðvar UNICEF



Barn er alltaf barn, óháð stöðu þess eða aðstæðum.

Ef til vill hljómar þetta eins og klisja, en er þó staðreynd sem aldrei má gleymast. Þetta er kjarni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem enn í dag – 22 árum eftir upptöku – myndar sterkan ramma utan um barnavernd og er leiðarstjarna þess fagfólks sem glímir við mansal á börnum.

Fjórar grundvallarreglur sáttmálans – að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi, börn sæti ekki mismunun, eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og rétt til lífsafkomu – eru sannkallaður verkfærakassi sem ætti að hjálpa stjórnvöldum, fagfólki og samfélaginu öllu að styðja við berskjölduð börn undir öllum kringumstæðum.

Það skiptir ekki máli hvort barn hefur sætt misnotkun í heimalandinu eða í kjölfar mansals; þessar sömu grundvallarreglur eiga við. Sú ætti að minnsta kosti að vera raunin, og þá með samræmdu sniði óháð lögsögu. Þannig má tryggja að í öllum stuðningi við fórnarlömb sé áherslan á eðli ofbeldisins fremur en kringumstæður eða ríkisfang barns.

Í nýrri skýrslu frá Innocenti, rannsóknamiðstöð UNICEF, Child Trafficking in the Nordic Countries: Rethinking strategies and national responses, er lögð áhersla á framfarir í meðferð málaflokksins í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi, en öll hafa þessi lönd haft það að forgangsverkefni að takast á við mansal. Öll ríkin hafa stigið mikilsverð skref til endurbóta á því lagaumhverfi er varðar afbrot, innflytjendur, félagsþjónustu og barnavernd. Þrátt fyrir að Norðurlöndin séu í brennidepli skýrslunnar er umfangið miklu víðtækara og lærdóminn má heimfæra upp á öll lönd sem standa frammi fyrir málum er tengjast mansali og misnotkun á börnum.

Það sem komið hefur skýrt í ljós er að hólfaskipting barna eftir flokkunum á borð við „þolendur mansals“, „óskráðir innflytjendur“ eða „ólögmætir innflytjendur“ getur hæglega aukið vandann. Frá sjónarhóli barna skipta lagalegar skilgreiningar minna máli en sú staðreynd að þau hafa mátt sæta misnotkun.

Í skýrslunni segir berum orðum: „Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna býður upp á sterkari ramma til verndar börnum sem sætt hafa mansali og annarri misnotkun en lagaramminn utan um mansal.“

Ástæðan er að hluta til sú að skilgreiningin á „þolanda mansals“ getur verið óljós, og að erfitt getur reynst að bera kennsl á börn sem falla í þennan flokk. Í skýrslunni er einnig bent á að sérhæfð þjónusta verði gjarnan sundurleit og hana þurfi að samræma betur. Þessi þáttur skiptir sérstaklega miklu fyrir börn og ungmenni.

Eins og bent er á í skýrslunni: „Til dæmis má telja líklegt að barn sem hefur verið misnotað kynferðislega þurfi annars konar aðstoð en barn sem hefur verið neytt til að betla. Þörfin á félags- og sálfræðilegri ráðgjöf, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og lögfræðiþjónustu er mikil meðal barna sem eru fórnarlömb mansals og annarra glæpa, rétt eins og barna sem teljast innflytjendur eða hælisleitendur.“

> Það sem komið hefur skýrt í ljós er að hólfaskipting barna eftir flokkunum á borð við „þolendur mansals“, „óskráðir innflytjendur“ eða „ólögmætir innflytjendur“ getur hæglega aukið vandann.

Sú tilhneiging að setja börn á faraldsfæti í sama flokk, hvort sem þau hafa verið seld mansali eður ei, getur útsett þau fyrir mismunun innan kerfis sem einblínir á stöðu þeirra sem innflytjendur umfram stöðu þeirra sem börn. Þau geta verið svipt frelsi sínu, verið beygð af réttarkerfinu, verið send heim á vit óvissrar framtíðar, eða fengið lélega menntun og heilbrigðisþjónustu vegna þess að þau hafa ekki dvalarleyfi í viðkomandi landi.

Þetta ætti ekki að geta gerst, eins og kemur fortakslaust fram í Barnasáttmálanum: Fórnarlömb mansals og önnur berskjölduð börn sem flytjast milli landa eiga að hafa sömu réttindi og aðgengi að þjónustu og börn sem hafa ríkisfang í viðkomandi landi, óháð lagalegri stöðu þeirra. Þetta er undirstöðuatriði í málefnum barna og tryggir að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi.

Þó er sáttmálinn engin töfralausn og grundvallarreglan „það sem er barninu fyrir bestu“ er enn í mótun og túlkun. Þá grundvallarreglu verður að nálgast á heildrænan hátt og taka tillit til skoðana barnsins, sem ætti einnig að hafa aðgang að barnvænu kerfi til að bera fram kvartanir og leita réttar síns.

Norðurlöndin eru í fararbroddi þegar kemur að vernd berskjaldaðra barna. Á Íslandi býður Barnahús upp á þverfaglega þjónustu við börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, sem forðar þeim frá þeirri erfiðu upplifun að taka þátt í réttarhöldum; í Noregi er virkur félagslegur stuðningur við götubörn. Finnar hafa þróað staðlaða forskrift að ráðgjafarviðtölum við börn sem leita hælis og ekki eru í fylgd með fullorðnum; Svíar hafa fellt grundvallarreglu Barnasáttmálans um mismunun inn í handbók fyrir fagfólk sem vinnur með börnum sem eru þolendur mansals. Enn fremur leikur hin danska Miðstöð gegn mansali lykilhlutverk þegar kemur að því að samræma þjónustu ólíkra aðila.

Þrátt fyrir þessar framfarir eru enn gloppur sem þarf að taka á. „Þörf er á að fastsetja í landslögum réttindi tengd málefnum á borð við menntun og heilbrigðisþjónustu, þar eð þessi málaflokkur er oft háður geðþótta sveitarstjórna,“ er útskýrt í skýrslunni.

Hins vegar er það hið almenna gildi Barnasáttmálans sem hefur hann yfir ólíkar skilgreiningar á mansali og ósamhæfð stuðningskerfi sem einkennast af sérfræðingum á borð við saksóknara, félagsþjónustu og útlendingastofnanir, sem vinna samkvæmt ólíkri hugmyndafræði og lagaramma.

Til að ná settum markmiðum verða stjórnvöld að takast á við mansal á börnum sem hluta af víðtækari nálgun við barnavernd, hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi og festa hann í landslög.

Sömuleiðis er þörf á nánari samvinnu þeirra aðila sem að málaflokknum koma og samstilltri framfylgd ákvæða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna svo hann fái verndað öll börn.

# Magnafsláttur skilar sér til viðskiptavina Bónus

Samkeppni

Finnur Árnason
forstjóri Haga



Árinu 1988, ári fyrir stofnun Bónus, fóru um 22% af ráðstöfunartekjum heimilanna til kaupa á mat- og drykkjarvöru. Þetta hlutfall hefur lækkað og er nú um 15%, en fór niður í um 12-13% á velmegunarárum okkar Íslendinga fyrir bankahrun. Þetta jafngildir því að af hverjum 100 þúsund krónum, sem heimili hefur til ráðstöfunar, fer nú 7.000 krónum minna í mat- og drykkjarvöru en fyrir tilkomu Bónus.

Bónus hefur bætt hag heimilanna. Matvöruverð á Vestfjörðum lækkaði t.a.m. um 30-40% með tilkomu einnar Bónusverslunar á Ísafirði, en Bónus hefur ávallt selt vörur sínar á sama verði um land allt. Hagur neytenda hefur því batnað, þegar horft er til þess að minna hlutfall ráðstöfunartekna fer nú til kaupa á nauðsynjum og að nú á stór hluti landsbyggðarinnar kost á að kaupa inn dagvöru á sama verði og höfuðborgarbúar.

Í síðustu viku kom út skýrsla Samkeppniseftirlitsins, „Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði“. Í skýrslunni kom fram að Bónus nýtur betri kjara og fær hærri magnafslætti en keppinautar, sem kaupa mun minna magn. Það kemur líka skýrt fram að sá magnafsláttur sem Bónus fær skilar sér í lægra verði til viðskiptavina Bónus. Skýrsla Samkeppniseftirlitsins staðfestir því í raun að heimilin í landinu njóta lægra vöruverðs í krafti magninnkaupa Bónus.

Nokkur umræða hefur verið um að 15% munur á stærsta kaupanda og þeim minnsta sé hugsanlega of mikill. Við nánari skoðun er augljóst að sá munur getur ekki verið óeðlilegur. Magnafslættir eru eðlilegir og ef aðili kaupir margfalt magn á við minni aðila eru 15% betri kjör á engan hátt óeðlileg. Í þessari umræðu er nauðsynlegt að horfa til þess að stærðarhagkvæmni og kaupendastyrkur Bónus skilar sér til viðskiptavina Bónus. Skýrslan staðfestir það og starfsfólk Bónus er stolt af þeirri staðreynd. Það er einnig mikilvægt að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er staðfest að lækkun á virðisaukaskatti árið 2007 skilaði sér að fullu í lægra vöruverði til neytenda. Þessir tveir þættir eru ótvíræð vísbending um virka samkeppni á dagvörumarkaði.

Frá aldamótum hefur vísitala dagvöru hækkað minna en vísitala neysluverðs þrátt fyrir verulegar hækkanir á hrávörumörkuðum á þessu tímabili og fall íslensku krónunnar. Hluti lágvöruverðsverslana hefur verið að aukast á meðan verslunum sem veita þjónustu og bjóða meira vöruúrval hefur verið að fækka. Það er rétt að benda á þá staðreynd, að á vef Hagstofunnar kemur fram að fjöldi fyrirtækja og félaga í flokknum stórmarkaðir og matvöruverslanir er 112. Umræða um matvörumarkað ber ekki með sér að það séu 112 fyrirtæki á þessum markaði. Samkeppnin er virk.

Ein megintillaga Samkeppniseftirlitsins til stjórnvalda í þessari nýjustu skýrslu, er að búvörulögin verði endurskoðuð, með aukið viðskiptafrelsi að leiðarljósi. Ég get ekki annað en tekið undir þetta sjónarmið, því eins og rakið er í skýrslunni tókst einstaklega vel til með breytingar á umgjörð íslenskrar garðyrkju fyrir nokkrum árum. Íslenskir garðyrkjubændur hafa aukið hlutdeild sína og sölu, auk þess sem neytendur eru að fá fjölbreyttari vöru í hæsta gæðaflokki.

Við viljum hvetja til umræðu um breytingar á búvörulögunum. Við leitum eftir samstarfi við stjórnvöld og bændur um breytingar á núverandi kerfi. Það er mitt mat að endurskoðun búvörulaga skapi fjölmörg tækifæri fyrir bændur, m.a. í vöruþróun, fjölbreytni og aukinni hagkvæmni sem muni leiða til aukinnar neyslu á innlendum landbúnaðarvörum. Við þurfum að hafa í huga að við lifum af útflutningi á fiski og eigum að vera sjálfum okkur samkvæm um gagnkvæmt viðskiptafrelsi.

Viðbrögð aðila við skýrslu Samkeppniseftirlitsins hafa einkennst af tækifærismennsku, þar sem neytendur eru enn sem fyrr afgangsstærð. Viðskiptavinir okkar njóta magnafslátta Bónus og það er lykilatriði. Það verður forvitnilegt að fylgjast með stjórnvöldum í kjölfar ábendinga Samkeppniseftirlitsins. Ætla stjórnvöld að hunsa ábendingar Samkeppniseftirlitsins enn einu sinni? Munum að hluti aðila á dagvörumarkaði þarf ekki að fara eftir samkeppnislögum, sem er auðvitað með öllu óeðlilegt og löngu tímabært að breyta.

TILBOÐSDAGAR Í
CARAT
30% afsláttur af öllum skartgripum
miðvikudag – sunnudags
CARAT • Haukur gullsmiður Smáralind • www.carat.is • sími 577 7740

# Laugardagssælgæti – misskilningur

Heilbrigðismál

Magnús R. Gíslason
fv. yfirtannlæknir



Ein af þeim leiðbeiningum, sem Tannverndarráð hefur gefið foreldrum og forráðamönnum barna, er að hafa aðeins einn nammidag í viku hverri.

Var hugmyndin komin frá Norðmönnum, sem lögðu svo mikla áherslu á þessa framkvæmd, að þeir fengu meðal annars norsku konungsfjölskylduna, sem góða fyrirmynd.

Hérlendis hefur þessi siður stundum haft öfug áhrif, því að í staðinn fyrir að neyta sælgætis aðeins einn dag í viku hefur dæminu verið snúið við og hafður einn kaupdagur fyrir sælgæti – laugardagssælgæti sem geymt er í poka og nartað í alla daga vikunnar, svo að tennurnar verða í stöðugu sýrubaði.

Auðvitað má segja að á góðum heimilum, þar sem góð regla er á hvers neytt er og hve oft, sé lítil hætta á þessum misskilningi, en því miður virðist staðreyndin vera önnur víða hérlendis.

Nú virðist ástand tanna Íslendinga hafa versnað mikið, enda framboð af sykri orðið 47 kg á mann á ári, af sælgæti 19 kg og gosdrykkjum 150 lítrar.

En við getum bætt ástandið, eins og við gerðum fyrir nokkrum árum um 75% á tíu árum m.a. með bættum matarvenjum og skipulögðu eftirliti með tönnum barna og unglinga hérlendis.

# ÚTSALA




# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

## af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |
| ~~7999-8999~~ kr. | ~~4000~~ kr. | 2000 kr. |

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# tímamót

timamot@frettabladid.is



44 **LISA MARIE PRESLEY** söngkona er 44 ára í dag.

*„Því fylgir mikil pressa að vera dóttir Elvis Presley. Það hefur íþyngt mér alla ævi."*

STEFÁN PÁLSSON SAGNFRÆÐINGUR: FLYTUR FYRIRLESTUR UM TUNGUMÁLASÉNÍ

# FJALLAR UM RASK OG Ð-IÐ

„Það er ekki oft sem hægt er að segja um eitthvert ákveðið fyrirbæri, svo ég tali nú ekki um heilan bókstaf í stafrófi, að ef ekki væri fyrir þennan ákveðna mann værum við ekki að nota þennan hlut," segir Stefán Pálsson sagnfræðingur, sem flytur fyrirlestur um danska tungumálasnillinginn Rasmus Kristján Rask á fyrsta Rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða á þessu ári í kvöld. Fyrirlesturinn, Fingraför málvísindamannsins – Rasmus Kristján Rask: áhrif, arfleifð og íslenska ð-ið, fer fram í Sögufélagshúsinu við Fischersund klukkan 20.



**RASMUS RISTJÁN RASK**

Stefán segir Rask ekki jafn þekktan í dag og fyrir nokkrum áratugum, þegar íslensk skólabörn lærðu um „eina góða Danann", eina útlendinginn fyrir utan danska konunga sem komist hefur á íslenskt frímerki. „Það segir sína sögu, enda skiptir Rask mjög miklu máli," segir Stefán. „Rask kenndi sjálfum sér íslensku á táningsaldri með því að plægja sig í gegnum gamalt handrit að Heimskringlu og danska þýðingu þess, án orðabókar og hafði aldrei hitt Íslending. Þegar hann var nýskriðinn yfir tvítugt setti hann saman fyrstu íslensku málfræðina og endaði á að koma hingað til lands. Hann taldi íslenskuna í hættu og beitti sér fyrir stofnun Hins íslenska bókmenntafélags."

Stefán segir Rask hafa verið mikilvægasta manninn í íslensku menningarlífi á þessum tíma og sem slíkur haft ákveðnar meiningar um íslenskt ritmál, sem þá var ekki jafn fastmótað og síðar varð. „Rask hafði mikið að gera með að stafsetning var stöðluð og var hrifinn af bókstafnum ð sem fallið hafði úr tungumálinu nokkru fyrir siðaskiptin, þó svo að fólk bæri stafinn alltaf fram. Þetta létu menn eftir honum, sem er í raun ótrúlegt því ef fólk er íhaldssamt á nokkuð í samfélagi er það stafsetningin. Ef hér kæmi ríkisstjórn sem vildi kynna zetuna aftur til sögunnar myndu allar Icesave-deilur blikna í samanburði," segir Stefán og hlær. „Upplifun Íslendinga af Rask er dálítið önnur en upplifun Dana. Fyrir okkur er hann hetja, heimsfrægur listamaður sem fékk áhuga á Íslandi. Danir sjá hann sem aðeins tragískari persónu, manninn sem nýtti ekki þau tækifæri sem hann fékk, og að þessi ógurlegi Íslandsáhugi hans hafi í raun tekið tíma frá öðrum og merkilegri verkum."



**RASK MIKILVÆGUR** Stefán Pálsson sagnfræðingur segir upplifun Íslendinga og Dana af Rasmusi Kristjáni Rask nokkuð ólíka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilefni fyrirlestrarins er að Stefán starfar nú ásamt fleirum að ritun bókar um bókstafinn ð. „Við erum að rannsaka sögu bókstafsins aftur í aldir, síðan hann barst frá Bretlandi. Í seinni tíð fylgja honum vandamál sem tengjast tölvum, prentun og fleiru slíku. Við erum rétt farin að taka lokið ofan af þessum mikla potti," segir Stefán.

kjartan@frettabladid.is

# Fagna 90 ára afmæli

Lúðrasveit Reykjavíkur heldur stórtónleika í Langholtskirkju í kvöld klukkan 20, í tilefni af því að sveitin verður 90 ára á þessu ári. Auk sjálfrar sveitarinnar setja fjölmargir söngvarar svip sinn á tónleikana, bæði kórar og einsöngvarar. Þar á meðal er karlakórinn Bartónar, Valskórinn, Margrét Eir Hjartardóttir, Valur Freyr Einarsson og systurnar Steinunn og Áslaug Lárusdætur.

Á efnisskrá tónleikanna má finna verk á borð við A funny thing happened on the way to the forum úr samnefndum söngleik, Animónusöng og Úlfasöng úr Ronju ræningjadóttur, syrpu af lögum úr The Phantom of the Opera og Rent, Strike up the band úr samnefndum söngleik, Someone to watch over me úr Oh Kay, Over the Rainbow úr Galdrakarlinum í Oz, But not for me úr Girl Crazy, On the sunny side of the street úr Lew Leslie's International Revue og Anthem úr söngleiknum Chess.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Lára Margrét Ragnarsdóttir**

fyrrverandi alþingismaður,

varð bráðkvödd á heimili sínu þann 29. janúar.

**F.h. annarra aðstandenda,**
**Anna Kristín Ólafsdóttir** **Hjörleifur B. Kvaran**
**Ingvi Steinar Ólafsson** **Sigrún Guðný Markúsdóttir**
**Atli Ragnar Ólafsson**
**Kristján Tómas Ragnarsson** **Hrafnhildur Ágústsdóttir**
**Árni Tómas Ragnarsson**
**Ásta Kristrún Ragnarsdóttir** **Valgeir Guðjónsson**
**Hallgrímur Tómas Ragnarsson** **Anna Haraldsdóttir**
**Lísa Margrét, Eysteinn, Bjarki, Anika Embla, Salvör Íva, Auður Ísold og Katrín Rán**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Garðars Sigurpálssonar**

frá Hrísey.

**Hulda Garðarsdóttir** **Erling Jóhannesson**
**Alma Garðarsdóttir** **Jón Guðmundsson**
**Sigurpáll Hallur Garðarsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Frændi minn,*

**Valtýr Sigurðsson**

frá Seli í Austur-Landeyjum,
Ljósheimum 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut þann 28. janúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sverrir Kristjánsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Þórarinsdóttir**

Sléttahrauni 30, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 24. janúar á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113 Reykjavík föstudaginn 3. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Björk Einarsdóttir** **Gísli Þ. Einarsson**
**Sóldögg Hafliðadóttir** **Jonatan Hertel**
**og barnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanlaug Böðvarsdóttir**

frá Laugarvatni, síðast til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 29. janúar.
Jarðarför auglýst síðar.

**Sigrún D. Jónsdóttir**
**Ingunn Jónsdóttir** **Gunnar Þór Kristjánsson**
**Kristín Jónsdóttir** **Örn Jónsson**
**Böðvar Leós** **Linda M. Þórólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elsku hjartans maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,*

**Sæmundur Þ. Sigurðsson**

bakarameistari,
Heiðarbæ 1, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við Hringbraut þann 27. janúar sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Snæfríður R. Jensdóttir**
**Stella Sæmundsdóttir** **Sveinn S. Kjartansson**
**Marsibil J. Sæmundardóttir** **Sigvaldi Þór Loftsson**
**Sigurður Jens Sæmundsson** **Hildur Arna Hjartardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Okkar ástkæri,*

**Steinþór Haukur Oddsson**

Ránargötu 21, Akureyri,

lést á lyflækningadeild sjúkrahússins á Akureyri fimmtudaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.30.

**Gréta Kolbrún Guðvarðardóttir**
**Harpa Þorbjörg Jónsdóttir** **Guðjón Eiríksson**
**Hallur Þeyr Reykdal** **Kirsten Reykdal**
**Oddur Stefán Steinþórsson** **Medha Ilana Sector**
**Guðvarður Steinþórsson** **Saichon Khlaiphut**
**Henning Storm Jakobsen**
**Heiðbrá Rósa Steinþórsdóttir** **Rúnar Ingvi Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



**Málþing um framtíð** ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur verður haldið á vegum Höfuðborgarstofu í Hörpu fimmtudaginn 9. febrúar frá 14 til 16. Yfirskriftin er: Hvernig aukum við samkeppnishæfni Reykjavíkur og styrkjum stöðu ferðamannaborgarinnar?

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali**

*Til dæmis:*
Teg: 23007/221 • Litur: svart
Stærðir: 40 - 47 • Verð: 16.975.-

Misty skor Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex

LAGERSALA HEFST Á MORGUN
FIMMTUDAG 02.02 KL.12.00
AÐEINS Í 3 DAGA

3.STK BUXUR KR. 5.000.-
EÐA VELUR 3. FLOTTAR
FLÍKUR OG GREIÐIR KR. 6.000.-
VATTERAÐIR JAKKAR KR. 5.900.-
VETRAR JAKKAR 5.900.-
JAKKAR FRÁ 2.900-
VERÐ SEM ÞÚ HEFUR EKKI SÉÐ ÁÐUR
KOMDU ÞETTA ER SVO GEGGJAÐ

opnunartimi Lagersölu fimmtud-laugard. 12.-18.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

**Nýliðahópur tvö úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ gróf sig í fönn á Hellisheiði um liðna helgi.**

# Niðurrignd í snjóhúsi



Ásgeir er hér lengst til vinstri með félögum sínum í Nýliðum 2 úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ. MYND/ÁSGEIR EGGERTSSON

Markmiðið með ferðinni var að finna stað fyrir snjóhús, grafa það og gista í því um nóttina," segir Ásgeir Eggertsson sem ásamt félögum sínum í nýliðahópi tvö í Hjálparsveit skáta í Garðabæ byggði og svaf í snjóhúsi á Hellisheiði um liðna helgi í beljandi rigningu.

„Við lögðum af stað á laugardagsmorgni, fórum upp á Hellisheiði og gengum frá Suðurlandsvegi inn að skátaskálanum Þrymheimum," lýsir Ásgeir sem ásamt félögum sínum varð samferða stórum hópi fólks á nýliðanámskeiði sveitarinnar.

Bygging snjóhúss er eitt af því sem nýliðar eiga að læra. Þeir þurfa að finna góðan stað, kanna snjóalögin og meta hvort aðstæður henti til snjóhússgerðar. „Það er reyndar skemmtilegt að segja frá því að nýliðar síðustu ára hafa ekki getað byggt snjóhús vegna snjóleysis. Þannig hafði leiðbeinandi okkar aldrei áður byggt snjóhús fyrr en nú um helgina," segir Ásgeir glaðlega en bætir við að hann hafi þess í stað verið með fræðin alveg á hreinu.

Veðrið var afleitt þennan dag, rok og rigning. Ásgeir segir að töluvert hafi lekið í gegnum snjóinn til að byrja með. „En svo virtist snjórinn þéttast og lekinn hætti þegar lengra var komið. Svo lak ekkert á okkur þegar snjóhúsið var fullbúið," segir hann en um fimm tíma tók að fullklára húsið sem var um tveir sinnum þrír metrar á stærð auk rýmis í anddyri. „Þá vorum við orðin blaut og þreytt en við héldum á okkur hita með því að grafa," segir hann.

Vistina í húsinu um nóttina segir hann hafa verið nokkuð góða. „Við vorum með svokallaðan bivak sem er utanyfirpoki yfir svefnpokann og dýnuna til að verja okkur fyrir raka," útskýrir hann en viðurkennir að nokkuð rakt hafi verið orðið í svefnpokanum undir morgun. „Maður fann hins vegar til vellíðunar að hafa búið til eigið afdrep til að sofa í, það var skemmtileg tilfinning."

En er ekkert hættulegt að sofa í svona húsi? Gæti það hrunið eða loftið klárast? „Við vorum með opið loftgat svo loftið var mjög fínt hjá okkur. Þá var yfir okkur að minnsta kosti tveggja metra traustur snjór og því nánast ómögulegt að þakið hryndi á okkur," svarar Ásgeir og útilokar ekki að hann sofi í snjóhúsi aftur ef tækifæri gefst.

*solveig@frettabladid.is*

FAGRA AUSTURRÍKI
– Vorferð, allt í blóma
Linz, Salzburg og Vínarborg

Beint flug frá Keflavík og Akureyri
28 apríl. – 1. maí
Aðeins einn virkur dagur!



Við fljúgum til hinnar fögru menningar og tónlistarborgar Lins í Austurríki sem valin var menningarborg Evrópu 2009 og gistum þar. Borgin er æfa gömul með yfir 60% af flatarmálinu sem græn svæði. Stutt er til Vínar og Salzburg, en við bjóðum uppá dags ferðir til þeirra glæstu borgar auk ferðar um ægi fagra náttúru landsins. Ferðalöngum gefast því möguleiki á að skoða 3 stórkostlegar borgir í sömu ferðinni og kynnast einstakri náttúru fegurð Austurríkis.

**Verð aðeins 95.900 kr. á mann í tveggja manna herbergi**
**Innifalið.** Flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og íslenskur fararstjóri.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

**Fundur um** möguleg tækifæri ferðaþjónustuaðila í kvikmyndatengdri ferðaþjónustu verður haldinn á vegum Íslandsstofu á Hilton Reykjavík Nordica milli 10 og 12 þriðjudaginn 7. febrúar. Mikil aukning hefur orðið á stórum verkefnum í kvikmyndagerð hér á landi og í því felast fjölmörg tækifæri.




ÚTSALA!
YFIRHÖFN Verð 37.000.-

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Fyrstu skrefin í að innleiða eCall-neyðarkerfi í Evrópu hafa verið tekin með samþykkt framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Kveðið er á um að slíkur búnaður verði orðinn gagnvirkur árið 2015. Þannig geta ökutæki náð sjálfvirkt sambandi við neyðarnúmer ef slys verður.

**Heimild: www.us.is**






# Landbúnaðarsafn í fjósi

**Til stendur að opna fyrsta hluta Landbúnaðarsafns Íslands í nýju húsnæði á Hvanneyri í Borgarfirði í vor. Gamla fjósið á staðnum mun hýsa safnið sem inniheldur gripi sem tengjast sögu íslensks landbúnaðar.**

Fyrsti hluti Landbúnaðarsafns Íslands verður opnaður í nýju húsnæði, Halldórsfjósi á Hvanneyri í Borgarfirði í vor gangi áætlanir eftir segir Bjarni Guðmundsson, verkefnisstjóri Landbúnaðarsafnsins. Þar verður sögusýning á gripum sem tengjast íslenskum landbúnaði.

„Endurbætur á húsinu hafa staðið yfir síðan 2007 þegar safnið var formlega stofnað og samið var um að það fengi afnot af húsinu, sem í marga áratugi gegndi hlutverki fjóss og rannsóknarstofu Landbúnaðarháskóla Íslands. Síðan höfum við í stjórn safnsins haft fyrir reglu að framkvæma aðeins þegar fjármunir eru fyrir hendi til að stefna safninu ekki í skuldir. Af þeim sökum set ég vissan fyrirvara á að sýningarsalurinn verði opnaður í vor en það ætti að nást ef allt gengur eins og í sögu," segir hann.

Landbúnaðarsafn Íslands byggir á grunni Búvélasafnsins á Hvanneyri sem rakti sögu sína til 1940 að sögn Bjarna. Safnið hefur undanfarin ár verið geymt í 2.000 fermetra bráðabirgðahúsnæði á vegum Landbúnaðarháskólans en fjósið er um það bil þriðjungur þess að stærð.

Inntur út í safnkostinn, segir Bjarni: „Þarna er fjöldi minjagripa, verkfæri og vélar sem einkenndu sögu landbúnaðar á 20. öld þegar vélvæðing hófst að einhverju ráði, þar á meðal í sveitum landsins. Mér reiknast að þeir séu á bilinu 1.100 til 1.200 talsins og þar af eru stærri gripir á bilinu 200 til 300," segir Bjarni og nefnir fyrsta Fergusoninn og Farmalinn sem dæmi um áhugaverða safngripi, að ógleymdu sjálfu Halldórsfjósi.



Bjarni segir marga spennandi gripi að finna á Landbúnaðarsafninu.
MYND/ÞÓRUNN EDDA BJARNADÓTTIR

„Fjósið og byggingarnar í kring varpa líka ljósi á sögu landbúnaðarins. Það var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, arkitekt og húsameistara ríkisins og byggt á árunum 1928 til 1929," segir hann um húsnæðið og nefnir að innanhússhönnunin sé enn í ákveðinni mótun. Hún sé í höndum Sigríðar Sigurþórsdóttur arkitekts sem annast hönnunarvinnu og Björns G. Björnssonar sem hannar sýninguna.

Ýmsir opinberir aðilar hafa styrkt verkefnið og þar á meðal Landbúnaðarháskóli Íslands, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Borgarbyggð og Alþingi. Fjöldi sjálfboðaliða hefur líka lagt hönd á plóg. „Þetta hefði verið ógerlegt án alls þessa góða fólks," segir Bjarni sem hefur sjálfur látið höfundarlaun af ritum sínum tveimur, ... og svo kom Ferguson og Alltaf er Farmall fremstur, renna í byggingarsjóð. *roald@frettabladid.is*


Splunkunýjar vörur

Útsölulok dagana 1. og 2. febrúar

Opið frá kl. 11-21.00 báða dagana

Allt að 70% afsláttur.
FATNAÐUR, SKÓR, SKART OG TÖSKUR
Fyrir skvísur á öllum aldri.

Komdu og gerðu frábær kaup.

Sjáumst í Grímsbæ



ARNA
Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15
Vertu vinur á facebook ;)



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP

TAKTU VÍSI
Á HVERJUM
MORGNI!




vísir

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Rebozo-nuddnámskeið 1, og 2. mars. Rebozo-nudd er mikið notað fyrir konur á meðgöngu og í fæðingu en nýtist flestum. Nánar á http://hondihond.is/rebozo-vinnusmidja/ eða í s. 862-4804

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki




## Dýrahald



**Dverg Schnauzer hvolpar, undan verðlauna foreldrum.**
Eigum nokkra gullmola eftir 2 svartir rakkar fæddir 17 nóv, 2 p&s rakkar og 1 p&s tík fædd 23 nóv. Öll gullfalleg, tilbúin til afhendingar, skilast ættbókarfærð og örmerkt. Sjá facebook.com/Sifurloppu Uppl. veitir Margrét s: 8216222 / 5646272.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

Þrír fallegir kettlingar,2fressar og 1læða óska eftir góðum heimilum.S-8691961

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 48þ. Uppl. í s. 895 0482.

17 fm herbergi stúdío nálægt tækniskólanum í 101 rvk. Allt innifalið. 45þús. á mán. Trygging 45þús. S. 866 4754 eða 557 5450.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2. herb íbúð í 101. Sími 860 0360.

Vantar þig íbúð á leigu í Reykjavík? Kíktu á skyggnisbraut.is eða hringdu í síma 660-1794.

## Húsnæði óskast

ÓE 3-4 herb íbúð í Hafnarfirði, reglusemi og skilvísar greiðslur. Tinna 8667914 Þórhallur 8493148

## Húsnæði til sölu

**Létt kaup!**
4-5 herbergja íbúð á 3. hæð í Seljahverfi til sölu. Get tekið bíl sem útborgun sem ca, 3 millj. + yfirtaka á láni. Greiðslubyrði ca. 75 þús.pr.mán. Uppl. í s. 895 9979.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði




Vertu þinn eigin herra í lífinu. LR health & beauty System Stærsta MLM fyrirtæki evrópu. S. 568 8977 eða 773 6099

**Handflakari óskast.**
Vanur handflakari óskast til starfa sem fyrst. 2 vanar konur óskast til starfa vanar beinhreinsun og til almennra fiskbúðarstarfa. Vinnutími c.a. 7.30-15.30. Umsóknir skal senda á kristjan@fiskikongurinn.is eða Kristjan 896 0602 Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

Zinkstöðin óskar eftir að ráða starfskraft til framtíðarstarfa í verksmiðju sinni í Hafnarfirði. 'Islenskukunnátta nauðsynleg. uppl. gefur Ragnar í s. 896 6820.

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## Atvinna

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Starfsmaður í framleiðslu

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmann í framleiðsludeild. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til 06.feb.**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 frá kl. 10.00 til 15.00 virka daga og á netfangið **ingibjorn@ferskar.is**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Tilkynningar



**Flutningslínur raforku og tengivirki við Kífsá**

**Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri háspennulínu, Blöndulínu 3, tengivirki við Kífsá og háspennustrengjum að tengivirki á Rangárvöllum og þaðan að Krossanesi.

Tillöguuppdráttur með greinargerð og umhverfisskýrslu mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 1. febrúar til 15. mars 2012, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar, www.akureyri.is/skipulagsdeild.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16.00 fimmtudaginn 15. mars 2012 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð, og/eða í tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

1. febrúar 2012
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

MATUR



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

## Fasteignir

**Stórglæsilegt, bjart og skemmtilegt atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Borgartúni.**



Miklir möguleikar fyrir allar tegundir rekstra. 213 fm. rými á hæðinni er innréttað sem skrifsofuhúsnæði. Einnig er 108 fm. kjallari með hólfuðu rými

**Laust strax. Uppl. í síma 893 6199**

RE/MAX LIND

VIÐ SELJUM
# FASTEIGNIR

Við seljum fyrir þig fasteignina og finnum handa þér nýtt heimili

**699 5008**



Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 510 7900
Sími: 699 5008



Þórarinn Jónsson hdl.
Löggildur fasteignasali
Sími: 510 7900

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Árakur 10 - 210 Garðabær**




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:00 til 17:30**
232 m2 raðhús, á tveimur hæðum við Árakur 10 í Garðabæ. Eignin er skráð 231,9 m2, þar af íbúð 204,7 m2 og bílskúr 27,2 m2. Tvö baðherbergi, þrjú rúmgóð svefnherbergi, sjónvarpshol sem hægt að breyta í herbergi. Húsið er fullbúið að utan og rúmlega tilbúið til innréttinga að innan. Gólefni og hurðar eru komnar eru komin í húsið. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 47,0 m.** 10241

**Dimmuhvarf 7 - 203 Kópavogur**



Fallegt 176,1 m2 einbýlishús við Dimmuhvarf 7 í Kópavogi. Eignin skiptist í tvær forstofur, sólstofu, rúmgóðar stofur, eldhús, tvö baðherbergi og þrjú herbergi. Gróinn og skjólgóður garður. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 24,9 m.** 10161

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

vísir



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma*

**Katrín Jónsdóttir**
Brekkubyggð 61, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans Landakoti, laugardaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 7.febrúar kl. 13.00.

**Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir** **Ásgeir Ö. Jóhannsson**
**Hanna Lilja Jóhannsdóttir** **Lúðvík Ö. Steinarsson**
**Hjördís Hildur Jóhannsdóttir** **Ellert K. Schram**
**og barnabörn**



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, amma, systir og mágkona,*

**Sigríður Sigurðardóttir**
Åkarp í Svíþjóð,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 26. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Haukur Viggósson**
**María Finnbogadóttir**
**Finnbogi Már Hauksson**
**María M. Finnbogadóttir**
**Jóhann Steinar Hauksson**
**Una Ragnheiður Hauksdóttir**
**Hákon Sigurðsson** **Katrín Guðjónsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir**



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt fjölskyldunni samúð og kærleik vegna fráfalls elsku Eddu okkar,*

**Eyjólfs Martinssonar**
Brimhólabraut 20, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilsustofnunar Vestmannaeyja fyrir einstaklega hlýja og alúðlega umönnun. Einnig þökkum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut. Af alhug þökkum við eigendum og starfsfólki Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir hlýju og stuðning í veikindum Eddu. Enn fremur eru félögum hans í Akóges í Vestmannaeyjum færðar sérstakar þakkir fyrir vinsemd og stuðning.

**Sigríður Sylvía Jakobsdóttir** **Jóhanna María Eyjólfsdóttir**
**Martin Eyjólfsson** **Eva Þengilsdóttir**
**Anton Emil, Benedikt Aron, Þengill,**
**Sylvía og Tinna Bertha Gísladóttir.**



*Okkar ástkæra,*

**Katrín Vilhelmsdóttir**
Flúðaseli 32, Reykjavík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 26. janúar. Minningarathöfn verður haldin í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju laugardaginn 4. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á stuðningsfélagið Kraft.

**Snorri B. Arnar**
**Inga Björk Ingólfsdóttir** **Vilhelm Arthúrsson**
**Kristjana Vilhelmsdóttir**
**Bryndís Gylfadóttir**
**Margrét Vilhelmsdóttir** **Haukur Eiríksson**
**Jóhann Bjarki Hauksson** **Kristján Örn Hauksson**
**María S. Arnar** **Birgir Arnar**
**Ester María Ragnhildardóttir**
**Ottó B. Arnar**
**Ottó Bjarki Arnar**



**NÆRING** Úr myndbandsverki Bjargar frá 2009.

# Björg í Arkóteki

Sýning á verkum Bjargar Eiríksdóttir myndlistarmanns verður opnuð laugardaginn 4. febrúar klukkan 15 í Artóteki á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur í Tryggvagötu.

Sýningin er sjötta einkasýning Bjargar og þar sýnir hún málverk, myndband, textíl og svífandi skúlptúr. Öll verkin fela í sér langan tíma og í þeim er talað um að horfa á sig, hringiðu, munstur, mat og óbærilegan léttleika.

Björg lauk myndlistarnámi frá Fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri árið 2003 og hefur unnið við myndlist síðan. Hún hefur einnig lært hugmyndasögu og siðfræði við Háskólann á Akureyri og stundar nú almennt meistaranám við sama skóla og tengir það myndlistarkennslu. Sýningin stendur til 11. mars.

*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Ragnhildur Aðalsteinsdóttir**

lést sunnudaginn 29. janúar sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún M. Jónsdóttir**
**Sveinn Austmann**
**Guðlaug Guðjónsdóttir** **Axel Ingi Eiríksson**
**Guðjón Ármann Guðjónsson** **Hildur Pála Gunnarsdóttir**
**og barnabarnabörn**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórarinn Árnason**
múrari, Droplaugarstöðum,

sem lést þriðjudaginn 24. janúar, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Bertha Þórarinsdóttir**
**Hólmfríður Þórarinsdóttir**
**Þ. Jóhanna Þórarinsdóttir** **Aðalsteinn Hermannsson**
**Rúnar Þórarinsson**
**Magnús Þórarinsson** **Rebekka Benediktsdóttir**
**Eiður Þórarinsson** **Heiður Huld Friðriksdóttir**
**Ásdís Þórarinsdóttir** **Bárður Óli Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Sverrir Bergmann Bergsson**
taugalæknir og fyrrverandi yfirlæknir á Landspítalanum,

lést á heimili sínu þann 26. janúar.

**Unnur Þórðardóttir**
**Yrsa Bergmann Sverrisdóttir**
**Ýmir Bergmann Sverrisson**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar hjartkæra*

**Magnúsar Vilhjálmssonar**
Grandavegi 47.

Einnig viljum við þakka starfsfólki deildar V3 á Grund fyrir góða umönnun.

**Guðrún Guðlaugsdóttir**
**Guðbjörg Magnúsdóttir**
**Árni Larsson**



**SÖNGFUGL** Jana María Guðmundsdóttir, söng- og leikkona, heldur áfram að flytja gamlar dægurlagaperlur í Salnum í kvöld.

# Syngja lög Sigrúnar og Ragga

Tónleikaröðin Söngfuglar heldur áfram göngu sinni í Salnum, Kópavogi í kvöld klukkan 20. Flutt verða þekkt og minna þekkt sönglög Sigrúnar Jónsdóttur og Ragnars Bjarnasonar.

Jana María Guðmundsdóttir syngur og segir frá ásamt hljómsveit en fær til sín góða gesti, þau Bjarna Snæbjörnsson, Orra Hugin Ágústsson, Magna Ásgeirsson og Thelmu Hrönn Sigurdórsdóttur.

Sigrún Jónsdóttir átti miklum vinsældum að fagna á sjötta og sjöunda áratugnum, fyrst sem ein fimm söngkvenna í Öskubuskunum og síðar sem söngkona með KK-sextettnum ásamt Ragnari Bjarnasyni.

Ragnar Bjarnason þarf vart að kynna enda einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar í hartnær 50 ár. Hann hóf ferilinn leikandi á trommusett en fljótt uppgötvaðist falleg söngrödd þegar hann þurfti að hlaupa í skarðið fyrir KK eitt kvöldið og hefur ekki vikið af sviðinu síðan.



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Unnur Eyjólfsdóttir**
frá Fiskilæk,

andaðist 26. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 14.00.

**Anna Harðardóttir**
**Eyjólfur Harðarson** **Ása Valdimarsdóttir**
**Sigríður Harðardóttir** **Bent Greniman**
**Hörður Runólfur Harðarson** **Margrét Pétursdóttir**
**og ömmubörn.**



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Guðjónsdóttur**
frá Berjanesi, Bláhömrum 2, Reykjavík.

**Guðjón Ómar Hauksson** **Sveinbjörg Pálmadóttir**
**Ragnheiður Hauksdóttir** **Brynjólfur Sigurbjörnsson**
**Sveinn Hauksson** **Sigríður V. Magnúsdóttir**
**Guðríður S. Hauksdóttir** **Ómar Einarsson**
**Hrafnhildur Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI

**Við Fellsmúla** - Reykjavík


3196
3995
BORVÉL 500W


2396
2995
HLEÐSLUBORVÉL 12V


2396
2995
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN


5596
6995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V


5596
6995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V


7189
8995
HÖGGBOR/BROTVÉL 620W


6876
8595
BELTASLÍPIVÉL 900W


3596
4495
BÓNVÉL


2396
2995
SLÍPIMÚS

## TILBOÐSDAGAR Á RAFMAGNSVERKFÆRUM

## 20% afsláttur


15.996
19.995
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR


2396
2995
JUÐARI


7676
9595
RYK- OG VATNSSUGA


3196
3995
JUÐARI 150W


6396
7995
FLÍSASÖG


4796
5995
HJÓLSÖG 1400W


3196
3995
SMERGEL


15.992
19.990
BENSÍNRAFSTÖÐ 800W


2 STÆRÐIR
Verð frá:
31.920
39.900
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG


21.570
26.900
BÚTSÖG 2100W


13.596
16.995
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ládeyða, **6.** í röð, **8.** bar, **9.** gums, **11.** óhreinindi, **12.** óhreint vatn, **14.** afhýsi, **16.** tveir eins, **17.** angan, **18.** drulla, **20.** hljóm, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** kúgun, **4.** verkfæri, **5.** lærdómur, **7.** kökugerð, **10.** ot, **13.** slit, **15.** formóðir, **16.** verkur, **19.** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** logn, **6.** áb, **8.** krá, **9.** lap, **11.** im, **12.** skolp, **14.** stúka, **16.** tt, **17.** ilm, **18.** aur, **20.** óm, **21.** krap.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ok, **4.** gripkló, **5.** nám, **7.** bakstur, **10.** pot, **13.** lúi, **15.** amma, **16.** tak, **19.** ra.


POPP
Á MORGUN
FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

SYKUR
VILL STARFA MEÐ
SPRENGJULEITARVÉLMENNINU



ÓLÖF JARA OG JÓNSI Í SVÖRTUM FÖTUM Í ROKKPRÓFINU.

FROSTI LOGASON OG FIMM VERSTU HANDBOLTAROKKLÖGIN.

PLÖTUDÓMAR, FRÉTTIR OG FLEIRA.


# Flutt að heiman

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Inn um lúguna kom bréf um daginn. Það var stílað á heimasætuna en þó tekið fram að bréfið væri ætlað foreldrunum. Ég reif það upp annars hugar og sá að þetta var tilkynning um skráningu skottunnar í grunnskóla. Fyrstu viðbrögð mín voru að hér væri einhver misskilningur á ferðinni, stelpan rétt nýfædd að mér fannst!

**ÉG** man vel eftir fyrsta skóladeginum mínum. Foreldrar voru ekki hafðir jafnmikið með í ráðum þá eins og nú. Skólabíllinn kom einfaldlega og sótti mig þennan morgun þar sem ég stóð 7 ára í glænýrri úlpu á hlaðinu. Ég var með náttkjólinn minn og tannburstann í tösku en í þá daga voru heimavistarskólar í öllum sveitum. Ég kom ekki aftur heim fyrr en í vikulok.

**FYRSTI** dagurinn var spennandi. Ég man ekkert eftir námsefninu, ekki einn einasta staf en ég man eftir litla gráa borðinu mínu og stólnum. Ég man að skólastýran var í bleikröndóttri skyrtu og leiddi þennan litla hóp nýrra nemenda um skólann. Við fengum að sjá hvar við ættum að hengja útifötin, hvar við ættum að borða, hvar við ættum að læra og hvar við ættum að sofa. Mér er sérstaklega minnisstætt reglur skólans sem skrifaðar voru á stórt spjald á ganginum. Þær voru tíu talsins. Ég man ekki eina einustu þeirra í dag, það vafðist talsvert fyrir mér að fara eftir þeim.

**VIÐ** sáum sjálf um að klæða okkur á morgnana, þvo okkur og bursta tennur og við hengdum blautu fötin sjálf upp í kyndiklefanum eftir útivist. Kennsla hófst að morgni og dagskráin stóð fram á kvöld. Ég man eftir okkur öllum á náttfötunum inni í einu herbergjanna að hlusta á kvöldsögu. Sumir með bangsann sinn. Við vorum í rauninni flutt að heiman, sjö ára pottormar.

**MINNINGAR** mínar úr skólanum eru góðar, stanslaus ærsl og hamagangur, fótbolti og fánaleikur, brauð með malakoff og þykk skúffukaka, kakó á fimmtudögum. Heimavistarfyrirkomulagið átti auðvitað ekki við alla. Það gekk á ýmsu og á ýmsu átti ég sjálf sök.

**ÉG** er ekki viss um að ég gæti horft á eftir skottunni minni upp í skólabíl með tannbursta í tösku. Ég get huggað mig við að hún flytur ekki að heiman enda skólinn hennar í göngufæri. Tannburstinn hennar verður á sínum stað og hún sefur í rúminu sínu á næturnar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS




KS FROSIN **LAMBALIFUR**




KS FROSIÐ **LAMBALÆRI**




KS FROSIN **LAMBAHJÖRTU**




FERSKT **BLANDAÐ HAKK**




KJÖRFUGL
FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**




GRÍMS **PLOKKFISKUR**

## OS BRAUÐOSTUR 26%




**300 KR. VERÐLÆKKUN**
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG
**TILBOÐ Í FEBRÚAR**
998 KR.KG

BEST FYRIR: 28.FEB. 2012




200 KR. VERÐLÆKKUN
*3JA STJÖRNU* **DÖNSK SALAMIPYLSA**
3 STJERNE SALAMI 250 GR




BÓNUS
**KAFFI**




BÓNUS
**FLORIDASAFI**




FROSNIR
**NAUTABORGARAR**




FROSNIR 120G
**FISKBORGARAR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 6 | | 7 | | | | |
| | | | | | | 2 | 9 | |
| | 1 | | 3 | | 4 | 6 | | 7 |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 3 | 2 | 7 | | 1 | 4 | 6 | |
| | 9 | | | | | 1 | | |
| 6 | | 1 | 9 | | 7 | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | | |
| | | | | 6 | | 9 | | 2 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 30 ER Á BONUS.IS 31




NF FROSNIR **ÝSUBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR




NF FROSIN **ÍSLENSK BLEIKJA**
BEINLAUS MEÐ ROÐI




NF FROSNIR **ÞORSKBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**! AÐEINS EIN SÝNING** er eftir af leikverkinu Póker sem sýnt er í Tjarnarbíói í leikstjórn Valdimars Arnar Flygenring, en hún fer fram næstkomandi laugardagskvöld klukkan 20. Póker hefur unnið til ýmissa verðlauna víða um heim. Gagnrýnendur hafa líka tekið Íslensku leikgerðinni vel, en verkið þykir hafa skemmtilega skírskotun til íslensks samfélags í dag.



**HINIR TÍU TILNEFNDU** Þessir tíu höfundar hafa verið tilnefndir til viðurkenningar Hagþenkis. Sá sem þykir standa upp úr hlýtur um mánaðamótin febrúar og mars viðurkenninguna sjálfa og fær eina milljón króna í verðlaun.

## Tíu framúrskarandi höfundar tilnefndir

Tíu höfundar verið tilnefndir til viðurkenningar Hagþenkis, sem telst til virtustu verðlauna sem fræðimönnum og höfundum fræðilegra rita hlotnast.

Hagþenkir, sem er félag höfunda fræðirita og kennslugagna, hefur frá árinu 1986 veitt viðurkenningu fyrir fræðirit og námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Öll fræðirit sem koma út á Íslandi koma til greina við veitingu viðurkenningarinnar en það er viðurkenningaráð Hagþenkis, skipað fimm félagsmönnum, sem ákvarðar tilnefningarnar og hvaða höfundur hlýtur að lokum viðurkenninguna.

Þeir höfundar sem eru tilnefndir til viðurkenningar Hagþenkis 2011 eru: Birna Lárusdóttir, aðalhöfundur og ritstjóri Mannvistar, sýnisbókar íslenskra fornleifa, Erla Hulda Halldórsdóttir fyrir Nútímans konur, Jóhann Óli Hilmarsson fyrir Íslenskan fuglavísi, Jóhann Yngvi Jóhannsson fyrir Landnám, ævisögu Gunnars Gunnarssonar, Ólafur Kvaran, ritstjóri Íslenskrar listasögu I-V frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar, Páll Björnsson fyrir Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar, Pétur Pétursson fyrir Trúmaður á tímamótum, ævisögu Haralds Níelssonar, Sigríður Víðis Jónsdóttir fyrir Ríkisfang: Ekkert. Flóttinn frá Írak á Akranes, Sylvía Guðmundsdóttir ritstjóri fyrir Lestrarlandið og Úlfhildur Dagsdóttir fyrir Sæborgina, stefnumót líkama og tækni í ævintýri og veruleika.

Í viðurkenningarráði Hagþenkis 2011 eru Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur, Fanney Þórsdóttir lektor í sálfræði, Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur, Þorsteinn Helgason sagnfræðingur og Þórður Helgason bókmenntafræðingur. Verkefnastýra ráðsins er Friðbjörg Ingimarsdóttir.

Um mánaðamótin febrúar og mars verður tilkynnt hvaða höfundur hlýtur viðurkenningu við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni. Sá hinn sami hlýtur eina milljón króna í verðlaun. **- hhs**



**BLÓTGOÐI** Einleikurinn er sýndur í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

# Kynnir heiðinn heim fyrir krökkum og Frökkum

**Verk Þórs Tulinius, Blótgoði sem sýnt hefur verið í Landnámssetrinu, hefur verið boðið á franska leiklistarhátíð. Þór er sömuleiðis að leggja lokahönd á sérútgáfu verksins fyrir grunnskóla.**

„Með sýningunni Blótgoða er ég meðal annars að reyna að átta mig á því hvernig heiðnin var, hvernig var trúarlíf landans áður en kristnin kom til sögunnar. Trúðu menn á goðin og voru menn í alvöru að blóta þau. Og hvað með vætti og huldufólk, var trúin á þá lifandi og einlæg," segir Þór Tulinius sem hrærst hefur í heimi heiðni á Íslandi undanfarin ár.

Í september var leikverk hans Blótgoði frumsýnt í Landnámssetrinu í Borgarnesi og þar hefur það verið sýnt við góðan orðstír og dóma. „Fræðimenn hafa vitaskuld rannsakað þetta efni ofan í kjölinn og hafa á því margvíslegar skoðanir. Ég byrjaði að sanka að mér heimildum um efnið fyrir nokkrum árum síðan og markmiðið var að setja upp leikrit um hugmyndaheim Íslendinga við kristnitöku. Mig langaði til þess a komast að því hvort trú þeirra á goðin var farin að kulna en komst að því að trúarlífið var sprelllifandi á þessum tíma," segir Þór sem fer með öll hlutverki í sýningunni og bregður sér í líki fjölmargra þekktra persóna, svosem Snorra Goða, Þorgeirs Ljósvetningagoða, Síðu-Halls og Finnboga ramma.

Nokkrar sýningar eru enn eftir af verkinu í Landnámssetrinu en Þór stefnir að því að kynna skólakrökkum landsins hugmyndaheim heiðninnar og vinnur nú að styttri leikgerð sem hann stefnir á að fara með í skóla landsins. „Það má segja að sýningin sé um kristnitökuna, en eitt meginþema hennar er trúfrelsi og virðing fyrir átrúnaði annarra, og þannig höfðar hún til samtímans og hentar líka sem skólasýning," segir Þór og leggur áherslu á að sýningin sé létt og skemmtileg.

Þór fer með Blótgoða út fyrir landsteinana í sumar, en honum hefur verið boðið á hátíðina EPOS í Vendome í Frakklandi sem snýst um frásagnarlist til forna. „Þetta er létt og skemmtileg sýning, hálfgert uppistand og efnið á vonandi eftir að skila sér. Ég mun flytja verkið á íslensku en það verður texti á skjá fyrir ofan sviðið, svona eins og menn sjá í óperunni," segir Þór að lokum.

sigridur@frettabladid.is


Athugið!
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2012

Tækniþróunarsjóður
Kynningarfundur 3. febrúar

**Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, föstudaginn 3. febrúar kl. 8:30 - 10:00**
**í tengslum við umsóknarfrest 15. febrúar nk.**

Starfsmenn Rannís fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins og svara fyrirspurnum.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum.
Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn, sem er í vörslu Rannís, fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Tækniþróunarsjóður
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
rannís
www.rannis.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 01. febrúar 2012**

### Tónleikar

**12.15** Tónleikaröðin Ljáðu okkur eyra heldur áfram í Fríkirkjunni í Reykjavík. Gerrit Schuil sér um hana, en dagskrá hverra tónleika er ekki auglýst né flytjendur. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Fræðsla



**20.00** Fræðslufundur um ævi og störf Sigurðar Þórarinssonar, land- og jarðfræðings, verður haldinn í Volcano House, Tryggvagötu 11. Sigurður Steinþórsson, jarðfræðiprófessor og samverkamaður Sigurðar, mun fjalla um vísindastörf hans og rannsóknir. Allir velkomnir.

### Fundir

**20.00** Hvítabandið heldur fund á Hallveigarstöðum. Gestur fundarins verður Vilborg Dagbjartsdóttir.

### Opið hús

**16.30** Kvenfélagasamband Íslands verður með opið hús í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Stofnfundur nýs kvenfélags í Reykjavík hefst svo klukkan 17.15. Öllum er velkomið að mæta.

### Fyrirlestrar

**20.00** Fyrsta rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða verður haldið í Sögufélagshúsinu við Fischersund. Fyrirlesari er Stefán Pálsson og talar hann undir yfirskriftinni Fingrafar málvísindamannsins – Rasmus Kristján Rask: áhrif, arfleifð og íslenska ð-ið. Allir velkomnir.

### Handverkskaffi



**20.00** Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir mun kynna ullargraff og grunnatriði í hekli á Handverkskaffi í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


ÉG ER Weetos
OG INNIHELD ENNÞÁ MINNI SYKUR EN ANNAÐ SÚKKULAÐIMORGUNKORN
Weetabix
Weetos
Chocolatey
Wholegrain Goodness
375g
WHOLEGRAIN
HEILKORNA
D-VÍTAMÍN
LÍTIÐ SALT
ÁN ALLRA LITAREFNA



**NOTA SNJALLSÍMA Í VERSLUNARFERÐUM** Ný rannsókn sýnir fram á að fólk notar snjallsíma í síauknum mæli í verslunarferðum sínum. Samkvæmt rannsókn bandarísku miðstöðvarinnar The Pew notaði rúmur helmingur snjallsímaeigenda símana sína til að rannsaka á netinu vörurnar sem þeir voru að skoða.



**ÓHEIÐARLEGAR?** Góðar líkur eru á að þessar stúlkur séu að ljúga að viðtakendum smáskilaboðanna.

# Auðveldara að ljúga með smáskilaboðum

**TÆKNI** Svo virðist sem fólki þyki auðveldara að ljúga í gegnum textaskilaboð en með öðrum samskiptaleiðum.

David Jingjun Xu, aðstoðarprófessor við Viðskiptaháskólann í Wichita, stýrði nýverið rannsókn á 170 nemendum sínum og var þetta útkoman. Jingjun Xu setti nemendunum það fyrir að reyna að selja hlutabréf með mismunandi hætti, í persónu, í síma, með myndspjalli eða með því að senda textaskilaboð. Nemendunum var sagt að þeir myndu hljóta peningaverðlaun fyrir góða sölu auk þess sem þeim voru gefnar þær upplýsingar að verðbréfin myndu fljótlega falla um helming.

Þegar kaupendur bréfanna voru spurðir um sannsögli þeirra sem höfðu selt þeim bréfin var niðurstaðan greinileg. Þeir sem áttu í samskiptum með textaskilaboðum voru allt að 95 prósent líklegri til að ljúga að viðskiptavinum sínum en þeir sem höfðu haft samskipti í gegnum myndspjall, 31 prósent líklegri en þeir sem áttu samskipti í persónu og 18 prósent líklegri en þeir sem töluðu saman í gegnum síma.

Það borgar sig því augljóslega ekki að nota textaskilaboð ef sannleikans er óskað. - trs

# Bleikt slím úr umferð

**MATUR** McDonalds hefur nú gefið það út að fyrirtækið sé hætt að nota umdeildan nautakjötskraft í hamborgarana sína.

Krafturinn hefur verið kallaður „bleikt slím“ og er í stuttu máli nautakjötsafgangar sem hafa verið lagðir í bleyti í ammoníum í þeirri von að gera þá örugga til áts og bragðgóða.

Veitingastaðirnir Taco Bell og Burger King gáfu líka út fyrir nokkru að þeir væru hættir að nota kraftinn í matinn sinn.

Það má þakka stjörnukokkinum Jamie Oliver fyrir þessar breytingar, en hann bað keðjur opinberlega um að taka „slímið“ úr umferð.



# Fleiri stelpur læra að slást

**Bardagaíþróttir sækja stöðugt í sig veðrið á Íslandi. Strákar hafa verið í meirihluta þeirra sem iðka sportið, en áhugi stelpna hefur aukist mikið undanfarið.**

**HEILSA** „Við erum rosalega ánægðir með þessa aukningu,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaíþróttaklúbbsins Mjölnis.

Áhugi kvenfólks á bardagaíþróttum hefur stóraukist undanfarin misseri. Jón Viðar hjá Mjölni segir mikla fjölgun hafa átt sér stað frá því að klúbburinn flutti í kastalann svokallaða, sem hýsti áður starfsemi Loftkastalans. „Við byrjuðum með stelputíma í vetur og þannig náðum við að halda enn þá betur í þær,“ segir Jón og bætir við að box og glímutími sé í boði sérstaklega fyrir stelpur, en í öðrum tímum eru að sjálfsögðu bæði kynin.

En hvað veldur þessum aukna áhuga?

„Það er erfitt að segja, þær eru bara að uppgötva hvað þetta er skemmtilegt. Þetta er fyrir alla, ekki bara stráka – það heldur líka betur betur í strákana að hafa stelpurnar,“ segir Jón Viðar í léttum dúr.

Sigursteinn Snorrason hjá Combat Gym tekur í sama streng og finnur fyrir auknum áhuga hjá stelpunum. „Stelpurnar sækja í aðeins öðruvísi greinar en strákarnir,“ segir hann og bætir við að fáar stelpur séu í blönduðum bardagalistum, en á móti séu þær um helmingur iðkenda taekwondo í Combat Gym. „Þetta hefur þróast svona í gegnum árin, aðallega vegna þess að okkar helsta afreksfólk í taekwondo eru tvær stelpur.“

Sigursteinn segir algengt að stelpur komi saman í hópum, ólíkt strákunum sem koma oftast einir eða með einn félaga með sér. „Stelpurnar eru að fatta að þetta snýst bara ekki um að setja á sig hanska og lemja hverja aðra.“

atlifannar@frettabladid.is





**SLEGIST Í MJÖLNI** Ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á stelpuæfingu í Mjölni í gærkvöldi þar sem ekkert var gefið eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## BYRJENDATÍMAR Í BOÐI

- Fólk á ýmsum aldri stundar bardagaíþróttir.
- Mjölnir, Combat Gym og fleiri bardagaklúbbar eru með byrjendanámskeið, þar sem farið er yfir undirstöðuatriðin.
- Á heimasíðum klúbbanna má finna nánari upplýsingar.




Hin eina sanna
skósprengja
Hefst í dag
Allt að 90% afsláttur
Lágmarks-
afsláttur 50%
Opið
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17
VÖRUR FRÁ:
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlan - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Þú finnur okkur á:
facebook
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Danskur leiklistarskóli með inntökupróf á Íslandi

**Danski leiklistarskólinn Film-Teaterskolen Holberg ætlar að gera sér sérstaka ferð til Íslands 10. mars til að leita að framtíðar leiklistarnemum. Lars Henning, kennari og prófdómari hjá skólanum, segir að skólinn hafi góða reynslu af íslenskum nemendum sem séu oft ástríðufullir og sérvitrir.**





**HRIFINN AF ÍSLENDINGUM**

**Lars Henning,** kennari við skólann, segir íslenska nemendur hafa eitthvað sérstakt fram að færa og þess vegna vilji skólinn leita að framtíðar leiklistarnemum hér á landi. **Björn Stefánsson,** trommuleikari í Mínus, er nemandi við skólann en **Sindri Birgisson,** Ylfa Ösp Áskelsdóttir og Davíð Freyr Þórunnarson eru meðal fyrrverandi nemenda skólans.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við komum til Íslands til að halda inntökupróf," segir Lars Henning, kennari við danska leiklistarskólann Film-Teaterskolen Holberg, en skólinn ætlar að halda sérstök inntökupróf fyrir Íslendinga í mars.

Skólinn er einn stærsti leiklistarskólinn á Norðurlöndunum sem kennir svokallað „Method Acting" en fjölmargir Íslendingar hafa stundað nám við skólann í gegnum árin eins og leikararnir Sindri Birgisson, Ylfa Ösp Áskelsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson og svo Björn Stefánsson sem er nemandi í skólanum núna. Skólinn er til húsa í Kaupmannahöfn og tekur námið þrjú ár.

„Við höfum mikla og góða reynslu af Íslendingum og við höfum haft nemendur frá öllum Norðurlöndunum gegnum tíðina. Við teljum að íslenskir nemendur skeri sig úr hópnum og hafi eitthvað sérstakt fram að færa," segir Henning og leggur áherslu á að það sé mikilvægt fyrir skólann að vera með íslenska nemendur. „Þeir eru oftast mjög ástríðufullir, sérvitrir og horfa listrænum augum á lífið. Allt mjög mikilvægir eiginleikar hjá framtíðarleikurum."

Inntökuprófið fer fram 10. mars í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi og varir yfir heilan dag þar sem umsækjendur gera ýmsar æfingar ásamt því að mæta í viðtal hjá prófdómurum frá skólanum, þar á meðal Henning. Inntökuprófin fara fram á dönsku og ensku en nauðsynlegt er að kunna smá í dönskunni. Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu skólans gegnum netfangið malene@teaterskolen.com. *- áp*


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GREY | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| BARNSFAÐIRINN | KL. 10 | L |
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 6 | L |
| ÖLD MYRKURINS | KL. 8 | L |
| SÁ SEM KALLAR | KL. 10 | L |
| HADEWIJCH | KL. 8 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 8 - 10.30 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE ARTIST | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.10 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE GREY | 8, 10.25 |
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.40 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 - 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 – 10:20 | 2D | 12 |
| WARHORSE | kl. 6 – 9 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 7:30 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 8 – 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WAR HORSE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |




2 FYRIR 1 M.NOVA.IS SMS

TÉKKAÐU Á NÝJUM 2 FYRIR 1 TILBOÐUM Í NOVA FARSÍMANUM ÞÍNUM Á M.NOVA.IS!

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ · Tapas barinn · SJÁVARKJALLARINN SEAFOOD CELLAR RESTAURANT · Salatbarinn · Kaffi Krús Selfossi · Stærsti skemmtistaður í heimi! NOVA

Tilboðin gilda á mismunandi tímum, sjá nánar á m.nova.is

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: *SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM* 17:45, 20:00 ■ SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15

ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**



# Ekkert brúðkaup



Það er enn bið í að ofurparið Brad Pitt og Angelina Jolie gangi upp að altarinu. Parið, sem er talið eiga von á sínu sjöunda barni, hefur áður gefið það út að þau munu ekki ganga í það heilaga fyrr en jafn réttur allra hafi verið tryggður og hjónabönd samkynhneigðra verði leyfð.

Pitt tjáði sig þó um það í viðtali við The Hollywood Reporter nýlega að það væri erfitt að halda þetta út. Hann sagði pressuna frá börnunum þeirra verða sífellt meiri, auk þess sem þau hefðu sjálf mikla löngun til að bindast hvort öðru á þennan hátt en þau eru búin að vera saman í á sjöunda ár.

Í viðtali á SAG verðlaunahátíðinni síðastliðinn sunnudag sagðist Pitt sjá eftir því að hafa tjáð sig um þessa löngun hans til að ganga að eiga barnsmóður sína.






**KEITH URBAN** Fór heim með tvo gullgítara.

# Sveitasöngvarar verðlaunaðir

Sjarmatröllið Keith Urban fór eflaust sæll og glaður heim af Sveitatónlistarverðlaunahátíðinni í Ástralíu síðastliðið laugardagskvöld með tvo verðlaunagripi í höndunum.

Urban var valinn besti söngvari ársins auk þess sem plata hans, You Gonna Fly, hlaut verðlaun sem best selda platan hjá Sanity fyrirtækinu. Lítið hefur farið fyrir söngvaranum á undanförnum vikum, en hann er enn að jafna sig eftir aðgerð á hálsi sem hann gekkst undir í nóvember síðastliðinn. Hann er þó væntanlegur aftur á svið fljótlega.

Sveitasöngkonan Beccy Cole hlaut einnig tvö verðlaun á hátíðinni, en hún var valin besta söngkona ársins auk þess sem þær Kasey Chambers fengu verðlaun fyrir besta samspil radda á árinu með dúett sínum Millionaires.

Eftirsóttustu verðlaun kvöldsins, plata ársins, féllu í skaut Adam Harvey fyrir plötu hans Falling Into Place.



**GIFTINGARHRINGURINN Á SÍNUM STAÐ** Þrátt fyrir að þau séu búin að sækja um skilnað er Seal greinilega ekki tilbúinn að leggja árar í bát.

# Enn með hringinn

Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni að stjörnurnar Seal og Heidi Klum hafa sótt um skilnað eftir sjö ára hjónaband.

Seal hefur þó ekki setið auðum höndum frá því að tilkynnt var um skilnaðinn fyrir rúmri viku, því hann hefur verið á fullu við að kynna nýju plötuna sína beggja vegna Atlantshafsins. Hann hefur farið ófáum orðum um hjónaband sitt og skilnaðinn í viðtölum og hefur meðal annars sagt að það sé ekki útilokað að þau hjónin muni ná sáttum á ný.

Athygli hefur vakið að R&B söngvarinn hefur enn ekki tekið niður giftingarhringinn, og því greinilegt að hann hefur ekki gefið upp alla von þrátt fyrir að hjónabandið hafi staðið á brauðfótum í nokkra mánuði. **- trs**



# sport

sport@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** mun mögulega ekki spila meira á leiktíðinni í Þýskalandi vegna meiðsla í öxl. Þetta staðfestu forráðamenn Füchse Berlin við þýska fjölmiðla í gær. Ekki er enn vitað hversu alvarleg meiðslin eru en Alexander meiddist í leik Íslands og Slóveníu á EM í handbolta.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-d. kvenna*

**KR - Haukar** **72-54 (39-27)**
**Stigahæstar**: Bryndís Guðmundsdóttir 19, Erica Prosser 17, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 17 – Jence Ann Rhoads 18, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 10.

### *N1-deild kvenna*

**HK - Fram** **20-23 (12-11)**
**Mörk HK**: Brynja Magnúsd. 5/2, Elín Baldursd. 4/1, Elva Arnarsd. 3, Jóna Halldórsd. 3, Harpa Baldursd. 2, Heiðrún Helgad. 2, Elísa Viðarsd. 1.
**Varin skot**: Ólöf K. Ragnarsd. 19/1 (42/3, 45%).
**Mörk Fram**: Stella Sigurðardóttir 9, Elísabet Gunnarsd. 7/2, Sigurbjörg Jóhannsd. 2, Sunna Jónsd. 2, Ásta B. Gunnarsd. 2, Anett Köbli 1
**Varin skot**: Guðrún Maríasd. 19/1 (38/3, 50%).

### *Enska úrvalsdeildin*

**Swansea - Chelsea** **1-1**
1-0 Scott Sinclair (38.), 1-1 Neil Taylor, sjálfsmark (93). Gylfi Þór Sigurðsson spilaði fyrstu 66 mínúturnar fyrir Swanseaa og átti þátt í marki liðsins.

**Tottenham - Wigan** **3-1**
1-0 Gareth Bale (28.), 2-0 Luka Modric (33.), 3-0 Bale (63.), 3-1 James McArthur (79.).

**Wolves - Liverpool** **3-0**
0-1 Andy Carroll (51.), 0-2 Craig Bellamy (60.), 3-0 Dirk Kuyt (77.). Eggert Jónsson var í byrjunarliði Wolves en var tekinn út af í seinni hálfleik.

**Manchester United - Stoke** **2-0**
1-0 Javier Hernandez, víti (38.), 2-0 Dimitar Berbatov, víti (52.)

**Everton - Manchester City** **1-0**
1-0 Darron Gibson (59.)

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **23** | **17** | **3** | **3** | **60-19** | **54** |
| Man. United | 23 | 17 | 3 | 3 | 56-21 | 54 |
| **Tottenham** | **23** | **15** | **4** | **4** | **44-25** | **49** |
| Chelsea | 23 | 12 | 6 | 5 | 41-26 | 42 |
| **Liverpool** | **23** | **10** | **8** | **5** | **28-21** | **38** |
| Arsenal | 22 | 11 | 3 | 8 | 39-33 | 36 |
| **Newcastle** | **22** | **10** | **6** | **6** | **32-30** | **36** |
| Stoke | 23 | 8 | 6 | 9 | 23-35 | 30 |

### *Enska B-deildin*

**Southampton - Cardiff** **1-1**
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Ca.

**Blackpool - Coventry** **0-1**
Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með Cov.






# VERÐ VONANDI EKKI EINMANA

**Vilhjálmur Einarsson varð um helgina fyrsti meðlimurinn í Heiðurshöll ÍSÍ. Vilhjálmur er þar með enn á ný frumherji í íslensku íþróttalífi. Hann varð fyrstur til að vinna verðlaun á Ólympíuleikum og sá fyrsti sem bar heiðursnafnbótina Íþróttamaður ársins. Þá útnefningu fékk hann alls fimm sinnum á ferlinum.**

**ÍÞRÓTTIR** Íþróttasamband Íslands hélt upp á aldarafmælið um helgina með glæsibrag og meðal hátíðarhaldanna var stofnun Heiðurshallar ÍSÍ. Sérstakt heiðursráð tilnefnir einstaklinga í höllina en stjórn ÍSÍ velur úr þeim. Það var samþykkt einróma á sérstökum afmælisfundi stjórnar ÍSÍ fyrir afmælishófið að Vilhjálmur Einarsson yrði fyrsti meðlimur Heiðurshallarinnar.

### Erfitt að bera saman afrek

„Auðvitað þykir mér vænt um þetta en ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er ofboðslega erfitt að bera saman afrek í hinum ýmsu íþróttagreinum ekki síst ef það er tekið tillit til tímans, umhverfisins og aðstæðnanna sem eru hverju sinni. Framan af síðustu öld var með eindæmum erfitt fyrir nokkra hér upp á Íslandi að geta afrekað eitthvað á heimsmælikvarða vegna aðstöðu- og efnaleysis," segir Vilhjálmur sem verður 78 ára gamall í sumar.

Vilhjálmur varð árið 1956 fyrsti Íslendingurinn til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum þegar hann fékk silfurverðlaun í þrístökki á leikunum í Melbourne í Ástralíu. Vilhjálmur varð fimmti á Ólympíuleikunum í Róm fjórum árum síðar og í millitíðinni varð hann þriðji á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð 1958.

### Kennslukverið aðalþjálfarinn

Vilhjálmur segir það hafa skipt öllu máli að hafa fengið að æfa við bestu aðstæður með háskólanámi í Bandaríkjunum en hann fékk þar skólastyrk.

„Ég fékk samt ekki neina þrístökksþjálfun og tækniæfingarnar fyrir þrístökkið byrjuðu ekki fyrr en ég kom heim um vorið til Íslands. Þá voru ekki mjög margir mánuðir fram að Melbourne. Þetta sumar einbeitti ég mér að því að fínpússa mína tækni í þrístökkinu eftir kennslubókinni frá Gösta Holmér. Hún var eiginlega minn aðalþjálfari þangað til ég komst í tæri við hann sjálfan síðustu tvær vikurnar áður en flogið var til Melbourne," rifjar Vilhjálmur upp.

„Við Hilmar Þorbjörnsson vorum settir í þjálfunarbúðir með Ólympíuliði Svía. Ég var svo heppinn að Svíar höfðu engan þrístökkvara í sínu Ólympíuliði þannig að Gösta Holmér gat hjálpað mér eins mikið og ef ég væri innfæddur án þess að taka frá nokkrum öðrum Svía. Þarna komst ég í samband við mann sem ég trúði mjög mikið á og hafði æft eftir hans forskrift," segir Vilhjálmur og hann man vel eftir leikunum í Melbourne þrátt fyrir að það séu liðin meira en 55 ár.

„Það hafa ýmis tilefni gefist til að rifja upp þessar klukkustundir í aðalkeppninni í Melbourne og það er auðvitað hápunkturinn á ferlinum ásamt reyndar Íslandsmeistaramótinu í Laugardal 1960 þegar ég jafnaði gildandi heimsmet í þrístökki með því að stökkva 16,70 metra algjörlega keppnislaust," segir Vilhjálmur. „Það varð til þess að menn voru búnir að bóka mig á pall í Róm á Ólympíuleikunum sem fóru fram stuttu síðar. Það er aldrei gott að vera bókaður fyrir fram eins og við Íslendingar höfum oft brennt okkur á. Það þarf svo margt að lukkast vel til þess að allt smelli saman. Heppnin þarf alltaf að vera með en hún ein er ekki nóg. Ástundunin og allt það þarf að vera fyrir hendi og svo þarf á lukkunni að halda líka," segir Vilhjálmur.

„Ég ætla að rétt að vona að það komi fleiri í Heiðurshöllina og ég verði ekki einmana þarna. Ég hét á þá í hófinu að láta mig ekki vera lengi einan. Það eru gríðarlega margir ákaflega verðugir. Eins og Ellert B. Schram sagði í hófinu þá er það stóra í þessu hvað íþróttaiðkun er orðin almenn. Þetta þótti hálfgerður fíflaskapur í gamla daga þegar ég var að æfa hérna út um móa og mela. Þá fannst fólki vera illa farið með orkuna," segir Vilhjálmur og hann hefur sterkar skoðanir á íþróttaiðkun barna í dag.

### Þurfa næði til að rata á rétta grein

„Ég á orðið tuttugu barnabörn og vel flest þeirra eru að æfa alls konar íþróttir. Eitt er það sem ég óttast svolítið en það er að menn fái aldrei næði til að rata á rétta grein fyrir sig persónulega. Þegar krakkar eru gripnir svona snemma út í mikla þjálfun í tiltekinni grein sem foreldrarnir hafa jafnvel fyrst og fremst haft áhuga á þá lokar það börnin inn í þeim heimi," segir Vilhjálmur sem telur að saga sín styðji við þetta.

### Þrístökkið fann mig

„Ég var alæta á íþróttir sem krakki og hélt um fermingu að ég myndi aldrei geta neitt nema kannski í köstum því ég var svolítið feitlaginn. Ég hafði næði til þess að leika mér áfram í öllu mögulegu og dett niður á þrístökkið þegar ég er orðinn 18 ára gamall. Þá finn ég þrístökkið eða þrístökkið finnur mig," segir Vilhjálmur að lokum og allir Íslendingar þekkja síðan framhaldið.

**ooj@frettabladid.is**



**FRUMHERJI Á TÍMAMÓTUM** Vilhjálmur Einarsson var tekinn í Heiðurshöll ÍSÍ um síðustu helgi þegar Íþróttasamband Íslands hélt upp á aldarafmæli sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍSÍ/ARNALDUR HALLDÓRSSON

## Tímamót í íþróttasögunni

**Vilhjálmur Einarsson** er mikill frumherji í íslenskri íþróttasögu og var það enn á ný um síðustu helgi orðinn 77 ára gamall. Hér fyrir neðan má sjá þrjú tímamót tengd afrekum Vilhjálms á íþróttavellinun.

**27. nóvember 1956**
Vinnur fyrstur Íslendinga verðlaun á Ólympíu-leikum þegar hann vinnur silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne.

**19. janúar 1957**
Fyrstur allra kosinn Íþróttamaður ársins. Hann var einnig kosinn næstu tvö ár og alls fimm sinnum á fyrstu sex árum kjörsins.

**29. janúar 2012**
Tekinn fyrstur allra inn í Heiðurshöll ÍSÍ.

> Þetta þótti hálfgerður fíflaskapur í gamla daga þegar ég var að æfa hérna út um móa og mela. Þá fannst fólki vera illa farið með orkuna.
>
> **VILHJÁLMUR EINARSSON**
> FIMMFALDUR ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS








**ÖRUGGUR SIGUR** KR gjörsigraði Hauka 72-54 í Iceland Express-deild kvenna í gær. Liðin voru jöfn að stigum fyrir leikinn í þriðja sæti en það var ekki að sjá á leik liðanna. Nánar á Vísi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 33.990 KR.

Það gera aðeins **2.833 kr.** á mánuði. Vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur í boði



**FRÍR PRUFUTÍMI UNDIR LEIÐSÖGN ÞJÁLFARA**
Hringja þarf og panta tíma

## TILBOÐ GILDIR TIL 6. FEBRÚAR 2012





ACTIC
LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt, spinning og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

> Stöð 2 kl. 21.50

**Gossip Girl**

***Glæný þáttaröð af Gossip Girl hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Í fyrsta þættinum gerir Serena alvarleg mistök í nýja starfinu sínu í Hollywood. Chuck og Nate halda einnig til Los Angeles þar sem Nate fellur fyrir eldri konu (Elizabeth Hurley).***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HÆTTI Í ÞVOTTINUM

# *Hættuför sæðisfrumnanna*



Ekki vissi ég hvað var í vændum þegar ég settist niður með hreina þvottinn á mánudagskvöldið og hóf að fletta annars hugar með fjarstýringunni. Það var ekki erfitt að gera mér til geðs þetta kvöld enda vantaði mig bara eitthvað til að komast í gegnum leiðinlegustu iðju dagsins, sem það að brjóta saman þvott er.

Þar sem ég sat í makindum mínum í sófanum að para saman sokka datt ég inn í fræðsluþáttaröð BBC um mannslíkamann á Ríkissjónvarpinu. Þvílíkur heimildarþáttur. Ég varð að leggja frá mér sokkana og beina allri athyglinni að skjánum þar sem farið var yfir getnað, skref fyrir skref. Með aðstoð nýjustu tækni var háskalegri för sæðisfrumnanna að sjálfu egginu fylgt eftir, hvernig þær smjúga sér áfram í gegnum eitthvað sem líktist frumskógi á skjánum en voru í raun leggöng. Hvernig eggið, sem var eins og lítil gul golfkúla, laðaði eina sæðisfrumu að sér og bjó svo til varnarvegg svo ekki kæmust fleiri að. Áhorfendur fengu að fylgjast með konu sem átti von á þríburunum og að legið hennar verður 1000 sinnum stærra (!) en vanalega á meðgöngunni. Talað var við konu sem átti von á sínu sextánda barni og sagðist ekki vera hætt.

Þetta var magnað. Mannslíkaminn er magnaður og þar sem ég sat í sófanum gat ég ekki annað en verið óvenju meðvituð um sjálfan mig og hverja minnstu hreyfingu það sem eftir lifði kvöldsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Móses og Jón Taylor **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Djöflaeyjan**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Dansskólinn** (1:7) (Simons danseskole) (e) Sænsk þáttaröð.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (16:26)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (17:42)
**18.30 Gló magnaða** (40:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bræður og systur** (92:109) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (3:3) Leikin verða lögin tvö sem komust áfram í keppninni laugardaginn var.
**22.30 Vúdúbarnið Jimi Hendrix** (Jimi Hendrix: Voodoo Child) Bandarísk heimildarmynd um gítarleikarann fræga Jimi Hendrix, ævi hans og feril.
**23.45 Landinn** (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.05 Yes Man**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Yes Man**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 State of Play**
**22.05 Fargo**
**00.00 The Mechanik**
**02.00 Seraphim Falls**
**04.00 Fargo**
**06.00 Bride Wars**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (97:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (18:22)
**11.00 The Big Bang Theory** (12:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (14:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (5:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (63:78)
**13.25 Ally McBeal** (18:22)
**14.15 Ghost Whisperer** (3:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (17:22)
**19.45 Hank** (10:10)
**20.10 The Middle** (16:24)
**20.35 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (5:10) Kalli Berndsen heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið.
**21.05 Grey's Anatomy** (12:24) Áttunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg.
**21.50 Gossip Girl** (1:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna sem hafa allt til alls er ekki jafn auðvelt og það virðist vera og valdabarátta, metnaður, öfund og ástarlíf þeirra gerir tilveruna erfiða og dramatíska.
**22.35 Satisfaction**
**23.25 Human Target** (12:13)
**00.10 NCIS: Los Angeles** (6:24)
**00.55 Breaking Bad** (11:13)
**01.40 Damages** (1:13) (2:13)
**03.25 Zodiac**
**05.00 The Big Bang Theory** (12:23)
**05.20 The Middle** (16:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Napoli**
**19.45 Spænski boltinn: Villarreal - Barcelona**
**21.30 Spænsku mörkin**
**22.10 Liverpool - Man. Utd.**
**23.55 Ensku bikarmörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wolves - Liverpool**
**12.00 Tottenham - Wigan**
**13.50 Everton - Man. City**
**15.40 Man. Utd. - Stoke**
**17.30 Swansea - Chelsea**
**19.20 Football League Show**
**19.50 Bolton - Arsenal** BEINT frá leik Bolton Wanderers og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Strax að leik loknum verður sýnt frá öllum leikjum umferðarinnar.
**22.30 Aston Villa - QPR**
**00.20 Blackburn - Newcastle**
**02.10 Sunderland - Norwich**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (39:175)
**20.10 American Dad** (4:18)
**20.35 The Cleveland Show** (7:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (9:24)
**22.15 Mike & Molly** (21:24)
**22.40 Chuck** (20:24)
**23.25 Burn Notice** (4:20)
**00.10 Community** (17:25)
**00.35 The Daily Show: Global Edition**
**01.00 Malcolm In The Middle** (17:22)
**01.25 Hank** (10:10)
**01.50 American Dad** (4:18)
**02.15 The Cleveland Show** (7:21)
**02.40 The Doctors** (39:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (10:19) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Outsourced** (21:22) (e)
**16.10 Mad Love** (13:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 7th Heaven** (4:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (13:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (14:26)
**19.45 Will & Grace** (23:25) (e) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 America's Next Top Model** (8:13) Í þetta sinn fá fjórtán fyrrum keppendur að spreyta sig á ný. Það er erfitt verkefni framundan hjá þokkadísunum sem verða að frumsemja lag og leika í tónlistarmyndbandi.
**20.55 Pan Am** (11:14) Áhöfnin fer í sitt fyrsta leiguflug til Moskvu þar sem Laura og önnur flugfreyja eru teknar í misgripum fyrir njósnara og Kate fær aðstoð úr óvæntri átt.
**21.45 CSI: Miami** (18:22) Nataliu er rænt af hættulegum morðingja sem nýlega slapp úr fangelsi. Hann ítrekar sakleysi sitt við hana en rannsóknardeildin eltir þau.
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 Dexter** (12:12) (e)
**00.10 HA?** (18:31) (e)
**01.00 Prime Suspect** (2:13) (e)
**01.50 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00** ESPN America **07.20** Farmers Insurance Open 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** Farmers Insurance Open 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (4:45) **19.15** LPGA Highlights (19:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (1:25) **21.35** Inside the PGA Tour (5:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (4:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.30** My Family **08.35** The Inspector Lynley Mysteries **10.10** Come Dine With Me **11.00** EastEnders **11.30** QI **12.30** QI **13.00** My Family **14.00** My Family **15.05** QI **16.05** QI **16.35** Top Gear **17.30** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Big Tour **21.55** Peep Show **22.25** Live at the Apollo **23.15** QI **00.15** QI **00.45** Lee Evans Big Tour **01.40** The Graham Norton Show **02.25** The Weakest Link **03.10** Lee Evans Big Tour **04.05** The Graham Norton Show **04.50** The Weakest Link

## DR 1

**13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** The Clinic **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Lægeambulancen **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **21.55** Taggart **22.45** Onsdags Lotto **22.55** Kæft, trit og flere knus

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Redd menig Osen **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt

## svt1

**10.45** Så fungerar kärleken **11.30** Dox **12.30** Så ska det låta **13.30** Good Night, And Good Luck **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den sjungande trappuppgången **21.00** Homeland **21.50** Dag **22.15** Kjell 5000 **22.30** Erlend och Steinjo **22.55** Skavlan **23.55** Rapport

## ÍNN

**20.00** Tveggja manna tal **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

# Safnaðu þekkingu

## Fjölbreytt námskeið á næstunni

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING

John Coltrane – risi í jazzsögunni
hefst 6. febrúar

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans
hefst 8. febrúar

Don Kíkóti
skráningarfrestur til 7. febrúar

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
hefst 13. febrúar

Innlit í heim óperunnar
skráningarfrestur til 22. febrúar

Kína: Menning, land og saga
skráningarfrestur til 22. febrúar

Reykjavík: tæknin og sagan
skráningarfrestur til 29. febrúar

### TUNGUMÁL

Samskiptahæfni og samskipti á ensku fyrir lengra komna
hefst 8. febrúar

Kínverska fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 13. febrúar

Danska II
skráningarfrestur til 13. febrúar

Spænska II
skráningarfrestur til 14. febrúar

Ítalska II
skráningarfrestur til 21. febrúar

### PERSÓNULEG HÆFNI

Úr neista í nýja bók - fjarnámskeið
hefst 7. febrúar

Hugþjálfun – leið til árangurs
skráningarfrestur til 13. febrúar

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið
skráningarfrestur til 27. febrúar

### HUGBÚNAÐUR

Agile hugbúnaðargerð og Scrum
skráningarfrestur til 13. febrúar

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn
skráningarfrestur til 27. febrúar

SQL fyrirspurnarmálið
skráningarfrestur til 28. febrúar

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 13. febrúar

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel I – fjármál og rekstur
skráningarfrestur til 7. febrúar

Lestur ársreikninga
skráningarfrestur til 9. febrúar

Gerð viðskiptaáætlana – í fimm skrefum
skráningarfrestur til 23. febrúar

### STARFSTENGD HÆFNI

Listin að gera lista. Markviss forgangsröðun – leið til aukinna afkasta
hefst 6. febrúar

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 3. febrúar

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 8. febrúar

Námskeið og próf til réttinda leigumiðlunar
skráningarfrestur til 14. febrúar

Facebook sem markaðstæki - grunnnámskeið
skráningarfrestur til 13. febrúar

Þrívíddarhönnun í SketchUp - grunnnámskeið
skráningarfrestur til 23. febrúar

Markviss framsögn
skráningarfrestur til 23. febrúar

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sjálfsvígsfræði – með sérstöku tilliti til sjálfsvíga ungs fólks
hefst 3. febrúar

Þjónusta við blinda og sjónskerta einstaklinga
skráningarfrestur til 7. febrúar

Anxiety disorders, theory and practice
hefst 17. febrúar

Heilinn. Uppbygging, starfsemi, sjúkdómar og greining
skráningarfrestur til 29. febrúar

### UPPELDI OG KENNSLA

Ný leið til að gera skemmtileg próf: Prófstökuforritið Question Writer 4
skráningarfrestur til 14. febrúar

Sálgæsla barna og unglinga
skráningarfrestur til 17. febrúar

Kvíði barna og unglinga
skráningarfrestur til 24. febrúar

Líkamsmynd, megrun og átraskanir meðal ungmenna
skráningarfrestur til 27. febrúar

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVERFI

Ljósbogahættur í dreifikerfum
skráningarfrestur til 17. febrúar

Tilboðs og áætlanagerð
skráningarfrestur til 24. febrúar

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

sími 525 4444

Nánari upplýsingar og skráning: endurmenntun.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það sem ég er að hlusta á þessa dagana við vinnuna er æðisleg hljómsveit sem spilaði á Iceland Airwaves síðasta haust og heitir SBTRKT. Svo standa krakkarnir í Retro Stefson alltaf fyrir sínu.“*

Heiðar Þór Jónsson, grafískur hönnuður hjá VERT-markaðsstofu.

# Gera hryllingsmynd fyrir vestan

Baldur Páll Hólmgeirsson, leikstjóri og kvikmyndatökumaður, vinnur nú að gerð nýrrar stuttmyndar sem ber heitið Gláma. Myndin er hrollvekja og gerist á Hótel Núpi í Dýrafirði á Vestfjörðum.

Myndin er sögð byggja á sönnum atburðum og fjallar um kokk sem fenginn er til að setja upp veislu á sumarhóteli að vetri til. Einhver misskilningur verður og þegar kokkurinn mætir á staðinn uppgötvar hann það að hann er þar einn og þá byrjar fjörið. Gláma, nýtt vestfirskt kvikmyndafélag, stendur að baki myndinni en með aðalhlutverk fer Elfar Logi Hannesson. Handritið sömdu Baldur Páll Hólmgeirsson, Elfar Logi Hannesson og Eyþór Jóvinsson.

Baldur Páll segir Elfar félaga sinn hafa átt hugmyndina að handritinu sem tók eina kvöldstund að skrifa. „Við settumst þrír niður og sömdum handritið á einni kvöldstund. Það gekk mjög snarpt fyrir sig enda erum við allir mjög sammála og samrýndir.“

Tökur á myndinni hófust fyrir hálfum mánuði og lauk þeim síðastliðna helgi. Nú á aðeins eftir að klippa myndina og semja tónlistina við hana. „Við tókum frá tvær helgar í tökur og eyddum þeim á Hótel Núpi. Dvölin á hótelinu var mjög draugaleg. Ég varð þó ekki var við neitt undarlegt en mér skilst að fólk hafi orðið vart við einhver skringilegheit í húsinu.“

Ekki er farið að huga að frumsýningu myndarinnar ennþá en Baldur vonar að hægt verði að sýna hana í bíóhúsinu á Ísafirði um páskana. „Það er ekki víst að við náum að klára myndina fyrir þann tíma, en það væri gaman ef það tekst.“ - sm



**LEIKSTÝRIR HROLLVEKJU** Baldur Páll Hólmgeirsson leikstýrir vestfirskri hrollvekju ásamt Elfari Loga Hannessyni og Eyþóri Jóvinssyni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrsta breiðskífa **Nönnu Bryndísar Hilmarsdóttur** og félaga í hljómsveitinni Of Monsters and Men á erlendum markaði kemur út í Bandaríkjunum og Kanada 3. apríl á vegum Universal. Mikil eftirvænting ríkir eftir gripnum enda fékk stuttskífan Into the Woods mjög góðar viðtökur vestanhafs, bæði á Billboard-listanum og á iTunes. Nýja breiðskífan verður endurbætt útgáfa af frumburðinum My Head Is an Animal sem kom út hér heima í fyrra og náði gullsölu. Upptökum lauk nýverið í Reykjavík með aðstoð upptökustjórans Jacquire King sem hefur unnið með Kings of Leon og Modest Mouse.



Víkingarokkararnir í Skálmöld spila á sínum fyrstu tónleikum erlendis á þessu ári í Kaupmannahöfn 24. febrúar. **Gunnar Ben** og félagar hafa átt góðu gengi að fagna upp á síðkastið og má því búast við mikilli stemningu í Danaveldi. Fyrst spilar sveitin þó á tvennum tónleikum á Gauki á Stöng á laugardagskvöld. Þar verður Skálmaldar-varningur af ýmsu tagi til sölu sem gítarleikari annarrar rokksveitar, hinnar finnsku Finntroll, átti þátt í að hanna. - fb




**Starfsleikni ehf**

Námskeið, þjálfun og handleiðsla fyrir stjórnendur og starfshópa

Sjá nánar á www.starfsleikni.is

**Steinunn Stefánsdóttir**
BA sálfræði
MSc viðskiptasálfræði
MSc streitufræði

steinunn@starfsleikni.is / 697 8397


# BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR: SAUMAVÉLARNAR Á YFIRSNÚNINGI

# Ellefu hönnuðir sýna á Reykjavík Fashion Festival

„Það má kannski segja að saumavélarnar verða á yfirsnúningi næstu vikurnar,“ segir Borghildur Gunnarsdóttir fatahönnuður en hún tekur í fyrsta sinn þátt í Reykjavík Fashion Festival á þessu ári með merkið sitt Milla Snorrason.

Borghildur, eða Hilda eins og hún er kölluð, var meðal 35 hönnuða sem sóttu um að taka þátt í tískuhátíðinni, sem fer fram dagana 29. mars til 1. apríl. Ellefu hönnuðir koma fram á hátíðinni en sýningarnar fara fram í Hörpu og Gamla bíói.

„Ég er mjög ánægð með fá að sýna á hátíðinni og tel það vera mikilvægt skref að koma merkinu á framfæri á Íslandi,“ segir Hilda sem er nýflutt heim frá London þar sem hún vann hjá tískumerkjunum Peter Jensen og Erdem, en hún útskrifaðist frá fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands árið 2009.

„Það var mjög gaman að vinna hjá þessum flottu hönnuðum og það ýtti undir þá löngun hjá mér að koma mínu eigin merki af stað. Þess vegna kom ég heim og gef nú allt mitt í Milla Snorrason,“ segir Hilda en hún hefur komið sér upp stúdíói í bílskúrnum hjá foreldrum sínum þar sem fatalínan er að taka á sig mynd.

Hilda ætlar að stíga varlega til jarðar og segir að fatalínan verði ekki stór á þessari fyrstu sýningu. Hún hefur síðustu misseri verið að gera marglita hnésokka frá Milla Snorrason og selt á netinu en það hefur gengið vel. „Núna er ég að gera heila fatalínu sem er spennandi. Ég er heilluð af þriðja, fjórða og fimmta áratugnum í tískunni og pæli mikið í ólíkum litasamsetningum,“ segir Hilda sem notast einungis við náttúruleg efni á borð við silki, bómull og ull. „Ég reyni líka að hafa smá húmor í fötunum mínum og ekki taka þetta of alvarlega. Mig vantar sárlega eina saumagínu og ef einhver lumar á slíkri má sá hinn sami gjarna hafa samband við mig á millasnorrason@gmail.com.“

Hilda sýnir í Gamla bíói 31. mars en hægt er fylgjast með henni á heimasíðunni millasnorrason.com. alfrun@frettabladid.is



**TEKUR ÞÁTT Í FYRSTA SINN** Borghildur Gunnarsdóttir hannar undir merkinu Milla Snorrason og sýnir í fyrsta sinn á Reykjavík Fashion Festival í ár. Ellefu hönnuðir hafa verið valdir af 35 umsækjendum til að taka þátt í tískuhátíðinni í ár. MYND/SAGASIG

**HÖNNUÐIR SEM SÝNA Á RFF**

**Harpa 30. mars:**
- Kalda
- Hildur Yeoman
- Kormákur og Skjöldur
- Kron by Kronkron
- Mundi
- ÝR

**Gamla Bíó 31. mars:**
- Birna
- ELLA
- Milla Snorrason
- Spakmannsspjarir
- REY


# Styrktar- og minningartónleikar

ÁSTJARNARKIRKJA

kærleikshóps Ástjarnarkirkju
til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands
til minningar um Arndísi Þórðardóttur



**Fimmtudaginn 2. febrúar nk. kl. 20.00 stendur Kærleikshópur Ástjarnarkirkju fyrir Minningartónleikum til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Tónleikarnir verða haldnir í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.**

Hljómsveit Hjartar Howser annast allan undirleik.
Fram koma margir af þekktustu tónlistarmönnum þjóðarinnar, t.d. Diddú, Jóhann Friðgeir, Bjarni Ara, Sigga Beinteins, Regína Ósk, Svenni, Jógvan, Svavar Knútur, kór Ástjarnarkirkju, karlakór Selfoss o.fl.
Allir tónlistarmenn gefa vinnu sína.



**Miðaverð er 2.000.- krónur** og rennur ágóðinn til Krabbameinsfélags Íslands. Miðasala er í Ástjarnarkirkju frá 14:00-18:00 og einnig verður selt inn við innganginn.
**Nánari upplýsingar um tónleikana og miðakaup er að finna á www.astjarnarkirkja.is**

Allir hjartanlega velkomnir


# Thick as a Brick 2 í Hörpunni

Í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin frá útkomu plötunnar Thick as a Brick með Jethro Tull verður framhald hennar, Thick as A Brick 2, gefið út 2. apríl næstkomandi. Hluti þessa nýja verks verður leikinn á tónleikum hljómsveitarinnar í Hörpunni í sumar, auk þess sem meistaraverk hennar, Thick as a Brick, verður leikið í heild sinni. Íslenskir aðdáendur Jethro Tull eiga því von á óvæntum glaðningi á tónleikunum.

Ian Anderson samdi á sínum tíma öll lög og texta á Thick as a Brick en textarnir voru eignaðir tíu ára dreng, Gerald Bostock. Á plötuumslaginu var mynd af honum þar sem hann tók við verðlaunum fyrir ljóðagerð. Sá stutti var hins vegar ekkert annað en hliðarsjálf Andersons.

Söguþráðurinn í Thick as a Brick 2 fjallar um hvað hinn fimmtugi Gerald Bostock væri að fást við í dag ef hann hefði kosið að feta aðrar brautir en raun ber vitni. „Hvaða áhrif hefði fólk, aðstæður, óvæntar uppákomur og annað haft á framtíð þessa bráðþroska drengs? Hefði hann orðið prestur, verslunarmaður eða jafnvel auðjöfur?“ spyr Anderson.

Tónleikar Jethro Tull verða í Hörpu 21. júní. Miðasala hefst á Midi.is og í Hörpu á morgun.




**UMSLAGIÐ** Gerald Bostock vakti heimsathygli fyrir textana á Thick As A Brick enda ekki nema tíu ára.

# VETRAR LAGERSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG VETRARFATNAÐI**




## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| VERÐDÆMI | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| **Útivist:** | | |
| Hanskar | 6.990 | 3.900 |
| Lúffur | 15.990 | 6.900 |
| 3 laga jakkar | 37.990 | 9.900 |
| 3 laga buxur | 37.990 | 9.900 |
| Brettaúlpur | 34.990 | 12.900 |
| Superstretch-peysur | 17.990 | 7.900 |
| Gönguskór | 29.990 | 19.900 |
| Snjóbuxur | 24.990 | 12.900 |
| Soft-shell jakkar | 19.990 | 4.900 |
| 2 laga skíðaúlpur | 29.990 | 14.900 |
| Dúnúlpur | 34.990 | 12.900 |
| Flíspeysur | 13.990 | 5.900 |
| Göngubuxur | 19.990 | 9.900 |
| **Barna:** | | |
| Barna flís | 9.990 | 2.900 |
| Barna superstretch | 14.990 | 4.900 |
| Barnaúlpur | 22.990 | 9.900 |
| Barna soft-shell | 14.990 | 2.900 |
| Barnagallar | 13.990 | 5.900 |
| Barna snjóbuxur | 14.990 | 8.900 |

**OPNUNARTÍMAR**

| | |
|---|---|
| 1. feb. miðvikudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 2. feb. fimmtudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 3. feb. föstudagur | kl. 12:00 - 20:00 |
| 4. feb. laugardagur | kl. 10:00 - 18:00 |
| 5. feb. sunnudagur | kl. 11:00 - 18:00 |
| 6. feb. mánudagur | kl. 12:00 - 20:00 |

**Lagersala ZO-ON • Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumeginn) • Kópavogi • www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Anna Hildur til NOMEX

**Anna Hildur Hildibrandsdóttir**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar, ÚTÓN, hefur störf í dag sem verkefnastjóri hjá NOMEX, Útflutningsstofu norrænnar tónlistar. Anna Hildur mun hafa úr einhverjum peningum að moða því dönsk yfirvöld hafa lagt tvær milljónir danskra króna í NOMEX eða rúmar fjörutíu milljónir króna. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að þessi vistaskipti hennar væru á döfinni, enda hefur Sigtryggur Baldursson þegar verið ráðinn sem eftirmaður hennar hjá ÚTÓN og hefur hann einnig störf í dag. Anna Hildur verður með bækistöðvar sínar í London þar sem hún hefur búið undanfarin tuttugu ár en verður á faraldsfæti um öll Norðurlöndin næstu mánuði í tengslum við nýja starfið. **- fb**



### Úlfur og Máni á forsíðu Vimeo

Myndband við nýjasta lag tónlistarmannsins **Úlfs Hanssonar** prýðir nú forsíðu deilisíðunnar Vimeo.com undir liðnum „we like“ eða okkur líkar á íslensku. Lagið heitir Black Shore og verður að finna á væntanlegri plötu Úlfs sem hefur fengið nafnið White Mountain. Máni M. Sigfússon gerði myndbandið við lagið, en hann hefur til dæmis gert myndbönd fyrir FM Belfast, Snorra Helgason og Sin Fang. Um miðjan dag í gær höfðu fimmtán þúsund manns horft á myndbandið á síðunni. **- þeb**



### Mest lesið vísir

1. Sprengjuógn við Hverfisgötu – atburðarásin frá upphafi
2. Mikill viðbúnaður við Stjórnarráðið
3. Tveimur hundum bjargað úr reykfylltri íbúð
4. Myndskeið sem sýnir sprengjusveitina að störfum
5. Vélmennið sprengdi torkennilega hlutinn





